



Aðalnámskrá grunnskóla

ÍSLENSKA

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA

ÍSLENSKA

**Menntamálaráðuneytið
2007**

AÐALNÁMSKRÁ GRUNNSKÓLA – ÍSLENSKA

Menntamálaráðuneytið: námskrár

júní 2007

Útgefandi: Menntamálaráðuneytið

Sölvhólgötu 4

150 Reykjavík

Sími: 560 9500

Bréfasími: 562 3068

Netfang: postur@mrn.stjr.is

Veffang: menntamalaraduneyti.is

@ 2007 Menntamálaráðuneytið

ISBN 978-9979-777-51-9

Efnisyfirlit

| | |
|---|----|
| Formáli..... | 4 |
| Inngangur..... | 5 |
| Nám og kennsla..... | 5 |
| Námsmat..... | 6 |
| Íslenska..... | 8 |
| Inngangur..... | 8 |
| Nám og kennsla..... | 8 |
| Talað mál og hlustun..... | 9 |
| Lestur og bókmenntir..... | 9 |
| Ritun..... | 10 |
| Málfræði..... | 10 |
| Námsmat..... | 11 |
| Lokamarkmið..... | 11 |
| Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar..... | 13 |
| Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar..... | 15 |
| Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar..... | 17 |
| Íslenska sem annað tungumál..... | 20 |
| Inngangur..... | 20 |
| Sérstaða barna með annað móðurmál en íslensku..... | 21 |
| Nám og kennsla..... | 22 |
| Skipan náms..... | 24 |
| Námsmat..... | 26 |
| Lokamarkmið í íslensku sem öðru tungumáli..... | 27 |
| Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar..... | 27 |
| Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar..... | 30 |
| Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar..... | 33 |
| Tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku..... | 37 |
| Inngangur..... | 37 |
| Málþroski barna með skerta heyrn við skólabyrjun..... | 38 |
| Nám og kennsla..... | 39 |
| Tvítyngi sem heildstæð námsgrein..... | 40 |
| Talað mál – tjáning á táknmáli..... | 41 |
| Lestur og bókmenntir..... | 42 |
| Skráning táknmálstexta og ritun íslensku (ritunarþáttur)..... | 43 |
| Málfræði..... | 44 |
| Námsmat..... | 45 |
| Lokamarkmið í tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku..... | 48 |
| Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar..... | 49 |
| Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar..... | 51 |
| Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar..... | 54 |

FORMÁLI

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða haldgóðrar menntunar, lestur öflugasta tæki nemenda til að afla sér þekkingar og tjáning í ræðu og riti forsenda þátttöku í samfélaginu.

Aðalnámskrá grunnskóla í íslensku er skipt í þrjú hluta. Þeir eru íslenska, íslenska sem annað tungumál og tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku. Íslenskunám er stór þáttur í námi allra grunnskólanemenda, óháð því hvert móðurmál þeirra er, og námsgreinin íslenska varðar þá alla. Námsgreinin íslenska sem annað tungumál er fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra, hvort heldur þeir eru af íslenskum eða erlendum uppruna. Þriðji hluti námskrárinnar fjallar um tvítýngi og mál barna sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert eða hafa misst heyrn. Tvítýngi felur í sér að hvorki íslenskt táknmál né íslenska verði ráðandi mál og móðurmálskennslan miðar að því að nota táknmál sem daglegt samskipta- og kennslumál en íslensku sem aðalritmál.

Í námskránni er fyrst fjallað almennt um nám, kennslu og námsmat og leitast við að skýra þær hugmyndir sem lagðar eru til grundvallar. Einnig er fjallað um sömu efnisþætti í hverjum hluta námskrárinnar en með mismunandi hætti.

Sett eru fram tvenns konar markmið; lokamarkmið og áfangamarkmið. Eðli lokamarkmiða er að gefa heildarmynd af því sem stefnt er að í kennslu einstakra námsgreina í grunnskóla. Þau skýra almennan tilgang náms og lýsa því sem skólar eiga að stefna að og því sem nemendur eiga að hafa tileinkað sér að loknu lögbundnu skyldunámi.

Áfangamarkmið eru sett fram fyrir íslensku, íslensku sem annað tungumál og tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku. Þeim er deilt niður á þrjú stig grunnskólans, þ.e. 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Þau eru meginviðmið í öllu skólastarfi.

Þrepamarkmið eru ekki sett fram í námskránni en ætlast er til að skólar útfæri þau í skólanámskrá. Skólastjóri ber ábyrgð á útgáfu skólanámskrár.

Nánar er fjallað um markmiðssetningu í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla.

INNGANGUR

Í námskrárlutunum, sem nefndur er *Íslenska*, er miðað við nemendur sem eiga íslensku að móðurmáli en jafnframt á þessi hluti að miklu leyti við um alla nemendur grunnskóla. Meginmarkmið með íslenskunámi er að nemendur öðlist jákvætt viðhorf til málsins og nái góðu valdi á því. Þeir þurfa því að fá ríkuleg tækifæri til að kynna áhrifamætti þess og margbreytileika. Miklu skiptir að nemendur átti sig á hve mikilvæg íslenskan er fyrir hugsun þeirra, sjálfsmynd og framtíð í námi og starfi.

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan bakgrunn hvort sem litið er til móðurmáls, menningar eða skólagöngu. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við almennt nám í íslenskum skólum. Þeir eiga rétt á að fá íslenskukennslu við hæfi með það að markmiði að þeir nái góðum tókum á tungumálinu og geti fylgt jafnöldrum sínum í öðrum námsgreinum. Mikilvægt er að tvítyngdir nemendur eigi kost á að leggja rækt við eigið móðurmál og menningu enda eykur það líkur á að þeir nái fullu valdi á íslensku, eignist hlutdeild í íslenskri menningu og geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

Heyrnarlaus börn læra ekki íslensku á sama hátt og önnur börn. Þau heyra hana ekki í umhverfinu og þurfa því að reiða sig á annars konar aðstæður til að læra hana. Grunnskólar eiga að bjóða heyrnarlausum börnum að læra og þroskast á eigin forsendum. Með tvítyngisnámi íslensks tákna máls og íslensku eiga nemendur að öðlast jákvætt viðhorf til beggja málanna, ná góðu valdi á þeim og læra að nýta sér þjónustu tákna málsstúlka. Miklu skiptir að nemendur átti sig á að tákna málið er mikilvægt fyrir hugsun þeirra, sjálfsmynd og framtíð í námi og starfi, ekki síður en íslenskan.

Í allri skipulagningu íslenskukennslu skal huga að fjölbreytileikanum í nemendahópi grunnskóla. Taka þarf mið af mismunandi forsendum sem að framan er getið og tillit til mismunar á getu, þörfum og áhuga allra nemenda.

NÁM OG KENNSLA

Íslensk tunga gegnir sérstöku hlutverki við að efla samkennd Íslendinga. Þess vegna er mikilvægt að nýir Íslendingar nái valdi á henni, ekki síður en þeir sem eiga hana að móðurmáli.

Íslenskukennsla er móðurmálskennsla fyrir þorra nemenda en nauðsynlegt er við skipulagningu kennslunnar að gera ráð fyrir þeim sem eiga sér annað móðurmál eða samskiptamál. Stuðla skal að virðingu fyrir móðurmáli allra meðal annars með umræðu um gildi móðurmáls fyrir þroska og sjálfsvitund hvers og eins. Ef nemandi talar tákna mál er ráðlegt að kynna og kenna undirstöðuatriði þess í hópi samnemenda hans. Nemendur, sem eiga annað móðurmál en íslensku, þarf að hvetja til að leggja rækt við móðurmál sitt enda styrkir það íslenskukunnáttu þeirra og framvindu í öllu námi. Þeir skulu fá tækifæri til að viðhalda móðurmáli sínu með námi í heimaskóla eftir því sem kostur er eða í fjarnámi. Heimilt er að viðurkenna slíkt nám í móðurmáli í stað náms í erlendu tungumáli. Jafnframt er miðað við að samnemendur þeirra séu fræddir um móðurmál og menningu þeirra.

Góð samvinna skóla og heimila um máluppeldi og móðurmálskennslu er lykilatriði. Foreldrar og aðrir forráðamenn gegna veigamiklu hlutverki í að

rækta móðurmálið og efla áhuga nemenda á því. Hvetja skal foreldra til að styðja við stöðuga lestrarþjálfun og umræðu um meðferð tungumálsins. Kennarar geta stutt foreldra í þessu hlutverki, svo sem með því að kynna þeim aðferðir við lestrarnámið. Stuðningur foreldra við heimanám nemenda er mikilvægur fyrir nemendur á öllum stigum grunnskóla.

Menningarlæsi má skilgreina sem hæfni til að njóta menningar og vilja til að vinna úr ýmsum þáttum hennar á skapandi og siðrænan hátt. Íslenskt samfélag verður sífellt fjölmennigarlegra og með umfjöllun um bókmenntir, kvikmyndir, leiksýningar og frásagnir ýmiss konar eykst menningarlæsi nemenda og viðsýni.

Nokkur munur er á þroska stúlkna og drengja á grunnskólaaldri og kemur hann víða fram í íslenskunámi. Huga þarf að fjölbreytni texta, textategunda og miðla sem unnið er með og hvetja bæði drengi og stúlkur til að velja sér lesefni. Fínhreyfingar þroskast mishratt, það hefur áhrif á skriftarfærni og persónulega rithönd og taka ber tillit til þessa.

Miklu skiptir að allir nemendur fái viðfangsefni í samræmi við þroska, hæfileika og áhugamál, þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlist hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra. Viðfangsefni nemenda í íslenskunámi þurfa að vera fjölbreytt og bæði stór og smá. Stundum er unnið með tiltekna námsþætti eina sér eða ákveðin færni þjálfuð með afmörkuðum verkefnum. Stór verkefni stuðla hins vegar að því að námið verði heildstætt. Umræðum og samvinnuáðferðum ýmiss konar má gjarnan beita í stórum verkefnum. Þjálfun í framsögn, upplestri og tjáningu á að skipa veglegan sess því hún styrkir sjálfsöryggi nemenda og stuðlar að jákvæðri sjálfsmynd.

Með samþættingu íslensku og annarra námsgreina gefst einnig kostur á að þjálfna nemendur í íslensku á margvíslegan máta. Það sama á við um íslensku sem annað tungumál. Dæmi um þetta eru þegar nám er skipulagt með söguáðferðinni og þegar nám í íslensku er samþætt upplýsingamennt og miðlun í skapandi verkefnum. Samþætting íslensku og listgreina er líka til þess fallin að styrkja skapandi skólastarf og glæða námsáhuga og árangur með öðrum hætti en bóklegt nám gerir.

Nemendur þurfa að hafa aðgang að fjölbreyttu lestrarefni og öðrum gögnum á skólasafni. Þar fer fram mikilvæg þjálfun í upplýsingaleit og notkun gagnasafna.

Tungumálið er bæði skapandi og mótandi og okkar helsta samskiptatæki. Það er því mikill áhrifavaldur í daglegu lífi og þroska barna og unglinga. Fjölbreytileiki í nemendahópi hefur áhrif á forsendur náms og kennslu og því þarf í hverjum skóla að móta stefnu og velja árangursríkar leiðir og kennsluáðferðir til að framfylgja markmiðum námskrárinna.

NÁMSMAT

Megintilgangur námsmats er að afla upplýsinga sem hjálpa nemendum við íslenskunámið, örva þá og hvetja til að leggja sig alla fram. Áhersla skal lögð á að hver nemandi njóti sín sem best og fram komi hvað hann getur en síður hvað hann getur ekki.

Námsmat fer ekki eingöngu fram í lok námstímans heldur er það órjúfanlegur hluti náms og kennslu. Námsmat á að veita nemendum, foreldrum og forráðamönnum og kennurum upplýsingar um námsgengi nemenda sem meðal annars má hafa að leiðarljósi við frekari skipulagningu náms.

Skilgreina þarf námsmarkmið og vægi námsþátta í upphafi hvers námstímabils svo að nemendum sé vel ljóst að hverju beri að stefna og hvernig það verði metið. Meta ber alla námsþætti sem til umfjöllunar eru hverju sinni og gæta þess að einstök markmið fái ekki óeðlilega mikið vægi.

Mat á námi þeirra sem eru tvítyngdir eða hafa annað móðurmál en íslensku þarf ætíð að taka mið af námsmarkmiðum þeirra hverju sinni og námskránni sem unnið er eftir. Leitast þarf við að tryggja að tvítyngdir þurfi ekki að gjalda fyrir takmarkaða kunnáttu í íslensku máli. Því er mikilvægt að nota fjölbreyttar námsmatsaðferðir. Þeir fái að nota orðabækur og önnur hjálpartæki og taka munnleg próf og nýta eigin móðurmál til að koma kunnáttu sinni á framfæri eftir því sem við á.

Viðfangsefni, sem metin eru, þurfa að vera fjölbreytt og taka til kunnáttu, færni, skilnings, getu til að greina og tengja ólíka þætti, frumleika, frumkvæðis, vinnubragða og þrautseigju. Meta skal munnleg verkefni og skrifleg, einstaklingsverkefni og samvinnuverkefni.

Nám nemenda má meta með mismunandi hætti. Til dæmis má prófa þá munnlega fremur en skriflega sem eiga við lestrarörðugleika að etja.

Mappa eða vinnubók, þar sem nemendur safna saman verkefnum og úrlausnum, getur hentað vel til að fá yfirsýn yfir hvernig þeir hafa unnið. Mikilvægt er að kennari meti ástundun, virkni og framfarir nemenda í íslensku. Sjálfsmat og jafningjamat má nota þegar við á sem og mat foreldra og forráðamanna.

Fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár að stöðluð greiningar- og skimunarpróf má leggja fyrir grunnskólanemendur og nota niðurstöður til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi.

ÍSLENSKA

Inngangur

Íslenska er í eðli sínu margþætt námsgrein og miklu skiptir að öll íslenskukennsla taki mið af því. Markmiðum er hér skipað í fjóra flokka. Þeir eru talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Áhersla er lögð á að markmiðin séu skýr og skiljanleg, að þorri nemenda geti náð þeim og unnt sé að meta með einhverjum hætti hvort það hafi tekist. Í námskránni eru bæði nokkuð ítarleg lokamarkmið og áfangamarkmið með dæmum, svo sem um hugtök eða textategundir sem nemendur eiga að fást við og ná valdi á.

Fyrst er fjallað um nám, kennslu og námsmat til að gefa fyllri mynd af þeim hugmyndum sem byggt er á. Á eftir fara lokamarkmið námsgreinarinnar og áfangamarkmið fyrir 4., 7. og 10. bekk.

Nám og kennsla

Námsgreinin fjallar meðal annars um þau menningarlegu verðmæti sem felast í tungumálinu og bókmenntum, íslenskum og erlendum. Með lestri og umræðum um bókmenntir gefast og tilefni til glímu við stórar spurningar um lífið og tilveruna, sorgir og sigra.

Sköpunarmáttur tungumálsins á að vera í öndvegi. Nemendur þurfa mörg tækifæri til að leika sér með orð og merkingu, semja alls kyns texta og tengja íslenskunám sitt leiklist, söng, dansi og tónlist. Það styrkir þá sem sjálfstæða og skapandi einstaklinga og glæðir áhuga þeirra á námsgreininni.

Lögð er áhersla á mál sem félagslegt fyrirbæri, mikilvægi þess að átta sig á breytileika í máli, til dæmis eftir landshlutum og kynslóðum, og nauðsyn þess að temja sér umburðarlyndi í þessum efnum. Einnig er fjallað um persónulegt málfar sem er eitt megineinkenni hvers einstaklings og sjálfsmýndar hans.

Markviss öflun og miðlun upplýsinga er vaxandi þáttur í nútímasamfélagi. Traust undirstaða í íslensku gerir nemendur hæfari en ella til þess að vega og meta upplýsingar úr margvíslegum miðlum. Þekking á móðurmálinu og trú á eigin málnotkun gefur þeim færi á að beita íslenskunni á áhrifaríkan hátt. Góð þekking og sjálfstraust fæst með æfingu og glímu við margvísleg viðfangsefni.

Markmiðum í íslensku er skipt í fjóra flokka eins og áður segir, talað mál og hlustun, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Innan þeirra eru mörg markmið sem skarast eða fléttast saman. Til dæmis eru mikil tengsl á milli náms í lestri og ritun og taka þarf mið af því í kennslu. Bókmenntamarkmið eru í flokki með lestrarmarkmiðum meðal annars til að vekja athygli á mikilvægi þess að nemendur verði læsir á eigin menningu og annarra. Mestu skiptir að skipuleggja íslenskukennslu þannig að nám nemenda verði heildstætt. Tengsl markmiða innan námsþátta og viðfangsefna eru mikilvæg, jafnvægi þeirra og stígandi í náminu.

Ekki er gert ráð fyrir að nemendur vinni að mörgum markmiðum í sérhverju viðfangsefni. Hins vegar þurfa þeir að átta sig á hvernig viðfangsefnin tengjast innbyrðis. Því þarf að ræða um tilgang íslenskunámsins og stuðla að því að nemendur setji sér markmið í náminu. Gildi góðrar íslenskukunnáttu

þarf að skýra og setja í samhengi við námið og málnotkun nemenda. Á unglingsstigi er ástæða til að vekja sérstaka athygli á þessu.

Nemendur þurfa að læra hugtök, þekkja hlutverk þeirra í málinu og fá æfingu í að beita þeim. Til dæmis má beita hugtökum eins og söguþræði, aðal- og aukapersónum í umfjöllun um sögur sem nemendur lesa og kynna þeim jafnframt að þetta séu bókmenntafræðileg hugtök. Málfræðihugtök má nota í umræðum um málfar og málnotkun, svo sem þegar leiðbeint er um innra samræmi beyginga í texta. Ritunarhugtökum má beita þegar fjallað er um texta sem nemendur hafa skrifað og útskýra um leið gagnsemi þess að geta notað hugtök þegar rætt er um byggingu texta eða mismunandi stíl. Hugtakanotkun og -nám er lítið í yngstu bekkjum en eykst eftir því sem nemendur verða eldri.

Talað mál og hlustun

Í Lýðræðisþjóðfélagi er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi þar sem móðurmálið er mikilvægt samskiptatæki. Nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á töluðu máli, framsögn og samræðum eru færir um að taka virkan þátt í samfélagsumræðunni og eiga jafnan auðvelt með að miðla af þekkingu sinni.

Mikilvægt er að nemendur þjálfist í að segja skipulega frá og gera grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum. Frá upphafi skólagöngu þarf að leggja áherslu á að nemendur æfist í að tjá sig og fá leiðsögn um framsögn og skýran framburð. Gott vald á munnlegri tjáningu í móðurmáli er undirstaða tungumálanáms og nýtist í öllum öðrum námsgreinum. Þjálfunina má greina í tvo þætti, annars vegar framburðar- og framsagnarþátt og hins vegar frásagnar-, samræðu- og umræðuþátt, en oft er þó æskilegt að samtvinna þá í kennslu. Nauðsynlegt er að eðlileg stígandi sé í náminu. Í upphafi er æskilegt að leggja mesta áherslu á skýran og eðlilegan framburð allra málhljóða, þjálfun í einföldum frásögnum og endursögnum, þátttöku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Síðar bætist við kennsla um einkenni talmáls og frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum.

Veigamikill þáttur í almennri menntun er að kunna að hlusta og horfa með athygli og á gagnrýninn hátt. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem miðlað er með ýmiss konar hljóð-, mynd- og margmiðlum og túlkað og metið þær með gagnrýni í huga. Hlustun er einnig stór þáttur í mannlegum samskiptum og hvers konar félagsstarfi. Mikilvægt er að nemendur læri að hlusta á aðra og taka tillit til skoðana þeirra í umræðum og rökræðum.

Lestur og bókmenntir

Góð lestrarfærni er nauðsynleg til þess að geta tekið virkan þátt í samfélaginu. Lestrarkunnátta er undirstaða almennrar menntunar. Hún er einnig forsenda lestraráhuga og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Lestur eykur orðaforða og stuðlar að betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt í mannlegum samskiptum.

Í upphafi er einkum um það að ræða að ná tókum á undirstöðuatriðum í lestri, styrkja hljóðkerfisvitund og fylgjast með að lestrarferli þróist eðlilega. Til þess má nota lesskímanir og lesskilningspróf. Lestrar- og ritunarnám eru nátengd ferli og þarf að skipuleggja kennsluna með hliðsjón af því, sérstaklega í yngstu bekkjum. Við byrjendakennslu í lestri er mikilvægt að

taka tillit til þess hve lestrarerfiðleikar eru algengir og að hefðbundið lestrarnám sækist mörgum nemendum seint.

Brýnt er að vekja áhuga nemenda á lestri og gera þeim grein fyrir mikilvægi góðrar lestrarkunnáttu á öllum stigum námsins. Nauðsynlegt er að lestrarkennslu og lestrarþjálfun sé haldið áfram allan grunnskólann jafnt og þétt. Mikilvægt er að kenna og þjálfna mismunandi lestraraðferðir.

Friðs lestur á að skipa fastan sess á öllum stigum grunnskóla. Leggja ber áherslu á fjölbreytt lesefni, bæði prentað efni í bókum og hvers konar ritum og einnig lesefni á Netinu. Á skólasöfnum eiga nemendur að geta nálgast lesefni í samræmi við þroska og lestrargetu hvers og eins. Lestrarþjálfun tengist einnig upplýsingaöflun, öðru námi og bókmenntum af ýmsu tagi.

Íslenskur menningararfur er að verulegu leyti bundinn bókum og þess vegna kynnast nemendur honum best með lestri bókmennta. Í bókmenntum finna ungir lesendur fyrirmyndir og geta sett sig í spor persóna. Þannig getur bókmenntakennsla í skólum stuðlað að sterkari sjálfsmýnd nemenda, kennt þeim umburðarlyndi í garð ólíkra menningarsamfélaga og trúarhópa. Í eldri bekkjum grunnskóla er eðlilegt að nýta bókmenntafræðileg hugtök og rýni til að skerpa skilning nemenda á bókmenntunum og eðli þeirra.

Nemendur lesa ljóð, fjalla um efni þeirra og bragfræðileg einkenni. Það eykur tilfinningu fyrir bundnu máli að kunna ljóð og því er ástæða til að nemendur læri ljóð utanbókar. Mörg ljóð er æskilegt að læra í söng, einkum í yngri bekkjum, til að þjálfna brageyra og hljómfall.

Ritun

Stöðugt aukast kröfur samfélagsins um að fólk geti skrifað margvíslega texta og tjáð sig skriflega, bæði í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem hafa gott vald á rituðu máli af ýmsu tagi hafa góð tækni á að miðla efni til annarra. Þeir eru einnig líklegir til að njóta þess sem vel er gert á sviði ritáðs máls.

Grundvallaratriði er að nemendur læri að draga rétt til stafs og fái stöðuga þjálfun í skrift. Á sama hátt er nauðsynlegt að nemendur tileinki sér rétta fingrasetningu þegar ritað er á tölvur.

Greina má þjálfun í ritun í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar eru tæknileg atriði, skrift, stafsetning og uppsetning texta. Hins vegar eru efnisleg atriði svo sem skipulag og málsnið. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tækni á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti fyrir ólíka hópa lesenda, bæði handskrifað og á stafrænu formi. Við alla textagerð er nauðsynlegt að gæta að þeim tveimur meginþáttum sem að ofan greinir – gildir þá einu hvort um er að ræða bókmenntalegt efni, nytjatexta eða ritgerðir og hugleiðingar.

Nemendur þurfa að læra að taka uppbyggilegri og faglegri gagnrýni á eigin texta og nýta sér hana. Þeir þurfa jafnframt að eiga þess kost að umrita og bæta texta sína eftir því sem þurfa þykir.

Málfræði

Færni í notkun tungumáls, bæði móðurmáls og annarra mála, er grundvallaratriði í mannlegum samskiptum. Markmið málfræðikennslu í grunnskóla er að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar, gera þá að betri málnotendum og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Með umfjöllun um fjölbreytileika tungumála og tvítýngi má auka skilning nemenda á því hve móðurmálin eru mörg í íslenskum skólum og stuðla að umburðarlyndi. Einnig er sjálfsagt að fjalla um skyldleika norrænu málanna og leyfa

nemendum að spreyta sig á því að skilja mælt mál og ritmál annarra norræna þjóða.

Málfræðihugtök koma að gagni þegar rætt er um mál og málnotkun, íslensku og erlend mál, og eru nauðsynleg til þess að hafa full not af orðabókum og handbókum.

Í yngstu bekkjum grunnskóla er áhersla einkum lögð á orðaforða og málbeitingu, formleg umræða með tilheyrandi hugtakanotkun kemur til þegar líður á skólagönguna.

Mikilvægt er að umfjöllun um málfræði styðjist við málkunnáttu nemenda til að efla sjálfstraust þeirra og vitund um eigin færni. Í nýyrðasmíð, skáldskap og alls kyns leikjum með tungumálið er verið að nýta sköpunarmátt og fjölbreytni málsins og er vert að vekja athygli nemenda á því.

Mikilvægt er að grípa þau tækifæri sem gefast til að nota málfræðihugtök til nánari útskýringa, svo sem í umfjöllun um bókmenntir, við ritun texta og í málfarsumræðum.

Námsmat

Þær hugmyndir, sem leggja skal til grundvallar við námsmat í íslensku, eru tíundaðar í almennri umfjöllun um námsmat hér að framan. Þar er og gerð grein fyrir helstu matsaðferðum og mikilvægi þess að matið taki mið af markmiðum sem sett hafa verið fyrir viðkomandi nemanda eða námshóp.

Meta má til dæmis upplestur og framsögn, flutning ýmiss konar kynninga, virkni í leikrænni tjáningu og hvort nemendur hlusta og sýna tillitssemi. Markmið í lestri á að meta með lesskilningsverkefnum og lestrarprófum. Ritgerðir og ýmiss konar ritunaræfingar liggja til grundvallar mati á ritun í eldri bekkjum en skriflegar frásagnir í yngri bekkjum. Mikilvægt er að leggja mat á skapandi þætti og túlkun nemenda með margvíslegum viðfangsefnum, skriflegum og munnlegum. Málfræði og málnotkun, orðaforða og skilning á bókmenntum er unnt að meta með munnlegum og skriflegum prófum og verkefnum.

Lokamarkmið

Í almennum hluta aðalnámskrár kemur fram að eðli lokamarkmiða sé að gefa heildarsýn yfir stefnu í einstökum námsgreinum sem kenndar eru í grunnskóla. Markmiðin eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og liggja til grundvallar skólanámskrárgerð einstakra skóla, áætlunum um nám og kennslu og námsmati.

Lokamarkmið í íslensku tilgreina almennan tilgang námsins í greininni og er þeim skipt í fjóra meginflokka. Áfangamarkmið fylgja í kjölfarið þar sem fram koma áherslur á yngsta stigi, miðstigi og unglingsstigi grunnskóla. Nánari útfærsla áfangamarkmiða fyrir árganga og nemendahópa er í höndum einstakra skóla sem einnig setja staðbundin markmið og áherslur.

Í lokamarkmiðum hér á eftir er kveðið á um þekkingu, færni og viðhorf sem nemandi á að öðlast með íslenskunámi í grunnskóla.

Talað mál og hlustun

Nemandi

- flytji mál sitt skýrt og áheyrilega
- kunni að meta góða framsögn og skýran málflutning
- geri sér grein fyrir ólíkum kröfum til talaðs máls eftir aðstæðum
- hafi flutt laust og bundið mál, sungið og leikið
- geti flutt ljóð utanbókar og sagt sögur eftir minni
- hafi þjálfast í rökraedum og í að tjá eigin tilfinningar og skoðanir
- hafi fengið tækifæri til að semja, horfa á og hlusta á margs konar listrænt efni
- kunni að hlusta og bregðast við á viðeigandi hátt
- taki virkan þátt í samræðum og virði viðeigandi reglur
- geti nýtt sér fjölmiðla og tekið gagnrýna afstöðu til fjölmiðlaefnis
- beri virðingu fyrir móðurmáli sínu og annarra

Lestur og bókmenntir

Nemandi

- lesi sér til gagns og gamans, í námi og starfi
- geti lesið margvíslega texta af öryggi og skilningi
- geti lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- þekki ýmsar tegundir texta, frá ólíkum tímum
- hafi innsýn í fjölbreytileika íslenskra og erlendra bókmennta, fornra og nýrra
- kunni nokkur valin ljóð utanbókar
- geti beitt helstu hugtökum sem notuð eru í umræðu um bókmenntir
- hafi þjálfast í almennt leit að lestrarefni og upplýsingaleit
- geti nýtt sér ritaðar, tölulegar og myndrænar heimildir
- geri sér grein fyrir mikilvægi margþættrar lestrarkunnáttu
- kunni að meta íslenskan menningararf og menningu annarra þjóða

Ritun

Nemandi

- sé fær um að skrifa margvíslega texta af öryggi
- hafi góðan orðaforða og beiti ýmiss konar stílbrigðum og myndmáli
- kunni að byggja upp efnisgreinar og færa rök fyrir máli sínu
- hafi þjálfast í að skrifa helstu textategundir og þekki sérkenni þeirra
- hafi tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við samningu ritsmíða
- geti nýtt sér leiðbeiningar um textagerð og sé tilbúinn að taka gagnrýni á eigin texta
- hafi vald á réttitun og geti beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafi vanist við að notfæra sér hjálpargögn við ritun
- kunni að ganga frá ritsmíðum, handskrifuðum og á stafrænu formi
- geti sett saman vísu eða skrifað skáldlegan texta frá eigin brjósti

Málfræði

Nemandi

- hafi gott vald á íslensku máli í ræðu og riti og ríkulegan orðaforða
- þekki helstu málfræðihugtök og geti beitt þeim í umfjöllun um tungumálið
- kunni að nýta sér upplýsingar um tungumál í ýmiss konar gagnasöfnum
- geti nýtt sér málfræðiþekkingu við nám í erlendum málum
- geri sér nokkra grein fyrir þróun íslensku og skyldleika við önnur tungumál
- geri sér grein fyrir að tungumál eru síbreytileg og þekki til nokkurra breytinga á íslensku sem nú eiga sér stað
- trúi á eigin málkunnáttu og rækti með sér áhuga á móðurmálinu

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku sé heildstætt, unnið sé með marga þætti þess samhliða og hver þáttur styðji annan.

Nauðsynlegt er að nemendur læri að tjá sig skýrt og áheyrilega. Lagt er til að byrjað sé strax í fyrsta bekk að hvetja nemendur til að tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og taka þátt í samræðum. Áhersla er lögð á að þeir læri að lesa upphátt með skýrum framburði og viðunandi lestrarhraða og öðlist hæfni til að halda athygli áheyranda. Ekki er síður mikilvægt að nemendur túlki texta með leikrænni tjáningu og söng. Gert er ráð fyrir slíkri þjálfun allan grunnskólann.

Á þessu stigi er lögð megináhersla á lestur og læsi. Lestur eflir orðaforða og eykur þekkingu og reynslu, er undirstaða allrar menntunar og stuðlar að færni í mannlegum samskiptum. Í fyrstu er líklegt að verulegur hluti tímans fari í að kenna nemendum undirstöðuatriði lestrar. Brýnt er að fylgjast vel með framförum hvers nemanda í lestri og leita úrræða ef erfiðleika verður vart. Gert er ráð fyrir því að nemendum sé gefinn góður tími til lestrar og til að hlusta á upplestur og frásagnir. Mikilvægt er að þeir læri nokkur ljóð og sögur. Lesskilning nemenda þarf að þjálfast markvisst með verkefnum úr fjölbreyttum textum sem þeir lesa eða hlusta á. Þeir þurfa einnig að tileinka sér nokkur grunnhugtök til að geta fjallað um textana. Æskilegt er að nemendur kynnist ýmiss konar miðlum.

Ritun þarf að vera ríkur og sjálfsagður þáttur í skólastarfinu. Lögð er áhersla á skrift, færni á tölvur og stafsetningu. Í fyrstu er meira lagt upp úr skriftartækni en síðan fær stafsetning meira rúm. Nemendur þurfa æfingu í að semja og skrifa margvíslega texta og læra að byggja upp einfaldar frásagnir.

Málfræðinámi er ætlað að vekja áhuga nemenda á tungumálinu og á að vanda mál sitt og vernda. Æskilegt er að kynna einföld málfræðihugtök í yngstu bekkjum með það í huga að þau geri nemendum kleift að ræða um móðurmálið og skilja betur eðli þess. Á þessu stigi er fyrst og fremst verið að leika sér með beygingar og þjálfast málfræðikunnáttu munnlega.

Talað mál og hlustun

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- hafa skýran og áheyrilegan framburð

- hafa lesið, leikið eða sungið texta af ýmsum gerðum
- geta endursagt ýmiss konar texta eða frásagnir
- vera fær um að tjá sig frammi fyrir hópi og standa fyrir máli sínu
- geta sagt frá eftirminnilegum atburðum
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda í samræðum
- geta fylgt fyrirætlunum
- hafa hlustað á upplestur, sögur, leikrit og ljóð
- hafa horft á leikþætti og söngatriði á sviði eða af myndbandi
- þekkja fróðleik, svo sem þulur og þjóðsögur

Lestur og bókmenntir

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta lesið sér til gagns og gamans, hátt og í hljóði
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði og lesið sögur og ljóð sér til ánægju
- kunna að afla sér upplýsinga úr bókum og af Netinu
- þekkja hugtökin söguþráð, sögupersónur og boðskap
- hafa kynnst fjölbreyttum textum, innlendum og erlendum, fornum og nýjum
- þekkja nokkur hugtök í bragfræði svo sem kvæði, þulu, vísu, ljóðlínu og erindi
- kunna nokkur ljóð og hafa flutt þau fyrir aðra
- geta lesið úr myndrænu efni, svo sem kvikmyndum fyrir börn, einföldum skýringarmyndum og kortum

Ritun

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta skrifað skýrt og læsilega
- þekkja einfaldar stafsetningarreglur, svo sem um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan *ng* og *nk*
- vera fær um að endursegja og skrifa eftir frásögn og upplestri
- hafa tjáð hugmyndir sínar og reynslu
- þekkja grunnþætti í byggingu texta, inngang, meginmál og niðurlag
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu og hafa fengið leiðsögn um rétta fingrasetningu
- hafa skoðað og skrifað margvíslega texta, svo sem frásagnir, dagbækur, sögur, ljóð og sendibréf
- hafa kynnst orðabókum og fleiri hjálpargögnum

Málfræði

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- hafa öðlast jákvætt viðhorf til móðurmálsins með því að leika sér með það og nota tungumálið á margvíslegan hátt
- geta raðað í stafrófsröð
- þekkja helstu einingar tungumálsins, bókstafi, hljóð, orð, samsett orð og málsgrein

- þekkja mun á sérhljóðum og samhljóðum
- kunna að ríma og hafa öðlast tilfinningu fyrir hrynjandi orða
- átta sig á að íslenska er beygingamál
- hafa kynnst mismunandi hlutverkum nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- þekkja mun samnafna og sérnafna
- þekkja hugtökin samheiti og andheiti

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar

Hafa skal í huga að nám í móðurmáli er heildstætt og hver þáttur námsins styður annan.

Á miðstigi eru nemendur þjálfaðir í munnlegri og leikrænni tjáningu. Þeir eru æfðir í að lesa upphátt, flytja ljóð, endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu og segja skipulega frá. Þeir þjálfast einnig í að hlusta á aðra og tileinka sér efni sem flutt er.

Gert er ráð fyrir að nemendur hafi náð nokkuð góðu valdi á að lesa þegar þeir koma á miðstig grunnskóla. Engu að síður ber að leggja áherslu á lestur og læsi í öllum sínum myndum, á tækni, skilning og túlkun. Jafnframt því sem lesturinn beinist að því að kynna menningararf þjóðarinnar er eðlilegt að nemendur kynnist bókmenntum annarra þjóða í íslenskri þýðingu. Hvatning til lestrar þarf að vera mikil innan sem utan skóla. Leggja skal áherslu á að nemendur geti aflað sér efnis og nýtt sér upplýsingar úr því. Nemendum, sem eiga við lestrarerfiðleika að etja, skal veita sérstaka aðstoð og örva þá í lestri með margháttuðum verkefnum við hæfi.

Á þessu stigi er lögð áhersla á stafsetningarkennslu. Nemendum eru kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og þeir fá æfingu í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls stuðlar að betra valdi á málinu. Ritun þarf því að vera sem fjölbreyttust og mælt er með því að unnið sé út frá ólíkum tegundum texta. Ritunarþjálfun þarf að vera samfelld og byggjast á stöðugri endurgjöf eftir því sem við verður komið. Lögð er áhersla á fjölbreytt orðaval og skýra framsetningu texta. Enn fremur er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í ritvinnslu. Mikilvægt er að þeir læri að nota stafsetningarorðabækur og önnur hjálpargögn við ritun.

Málfræði er ætlað að efla skilning og áhuga nemenda á móðurmálinu og vekja þá til vitundar um eigin málkunnáttu. Nemendur læra helstu grunnhugtök málfræði og þjálfast í notkun þeirra. Málfræðikennsla á þessu stigi miðar að því að gera nemendur færa um að ræða mál og málfar og að gera þá meðal annars þannig að betri málnotendum. Mikilvægt er að nemendur geri sér grein fyrir að málfræðiþekking nýtist í stafsetningu og tungumálanámi.

Talað mál og hlustun

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- tjá sig skýrt og áheyrilega
- flytja laust og bundið mál upphátt, með viðeigandi áherslum og túlkun og halda athygli áheyranda
- geta endursagt það sem hann hefur lesið eða heyrt

- segja skipulega frá
- geta gert grein fyrir skoðunum sínum og rökstutt þær
- vera fær um að taka virkan þátt í samræðum og rökræðum og fylgja viðeigandi reglum
- geta notið bókmennta- og afþreyingarefni, upplestrar, leiksýninga og söngs
- geta flutt og sungið algeng íslensk ljóð
- kunna að hlusta og taka eftir og geta nýtt sér upplýsingar í töluðu máli
- nýta sér myndefni og margmiðlunarefni með gagnrýnum hætti til fróðleiks og skemmtunar
- hafa tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

Lestur og bókmenntir

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- vera orðinn vel læs og hafa öðlast góðan lesskilning og fjölbreyttan orðaforða
- gera sér grein fyrir aðalatriðum í texta og helstu efnisorðum
- hafa þjálfast í mismunandi lestraraðferðum, svo sem nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekinn texti hefur á hann
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa lesið fornar og nýjar íslenskar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur og goðsögur
- hafa kynnst öðrum menningarheimum með því að lesa þýddar sögur og ljóð
- hafa lesið leikþætti og lært nokkur valin ljóð
- þekkja fáein bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, samlíkingu og boðskap
- þekkja nokkur frásagnarform bókmennta, svo sem smásögu, ævintýri, goðsögu og ljóð
- geta aflað upplýsinga úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim
- geta unnið úr einföldum tölulegum og myndrænum upplýsingum

Ritun

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta skrifað læsilega og af öryggi
- nota rétta fingrasetningu við ritvinnslu
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu
- geta dregið út aðalatriði og endursagt efni úr ræðu og riti
- hafa öðlast öryggi við að tjá hugmyndir sínar og reynslu
- geta skipulagt og orðað texta á þann hátt sem hæfir efni, til dæmis frásagnir, lýsingar, fréttir og fyrirmæli
- hafa fengist við skapandi skrif og samið sögur, ljóð og leikþætti

- kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun

Málfræði

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og vitund um eigin málkunnáttu
- átta sig á að munur er á hljóði og bókstaf og skilja hvernig orð skiptast í atkvæði
- geta nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun og stafsetningu
- kunna að fletta upp orðum eftir stafrófsröð og að nýta sér upplýsingar í orðabókum
- átta sig á hvernig orðaforðinn skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekkja helstu einkenni orðflokka og beygingarformdeildir þeirra, svo sem kyn, tölu, fall, stigbreytingu, nútíð, þátíð og nafnhátt
- gera sér nokkra grein fyrir mismunandi hlutverkum orða í texta
- hafa þjálfast í að greina merkingarmun og blæbrigði orða
- þekkja mun orðtaka og málshátta og hafa náð nokkurri leikni í að beita þeim
- skilja að málfræðiþekking nýtist í tungumálanámi

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

Leitast skal við að vinna með alla þætti móðurmálsins þannig að hver þáttur styðji annan og þeir myndi saman eina heild.

Í efstu bekkjum grunnskóla er sérstök ástæða til að hvetja nemendur til að tjá hug sinn frjállega en jafnframt æfa skipulega og röklega umræðu. Nemendur tileinki sér virðingu fyrir því sem aðrir hafa fram að færa og læri að hlusta. Mikilvægt er líka að þeir fái að njóta tungumálsins í öllum sínum myndum, sjái leiksýningar og kvikmyndir, hlýði á upplestur og söng og taki þátt í að flytja menningarlegt efni. Efla þarf gagnrýna umræðu um fjölmiðla, Netið, listir og afþreyingarefni.

Mikilvægt er að nemendur lesi sér til gagns og ánægju, gamalt efni og nýtt, innlent og erlent. Nemendur þurfa að læra mismunandi lestraraðferðir og geta beitt þeim. Við lestur bókmenntatexta ber að leggja áherslu á að nemendur læri að njóta bókmennta og tjái sig um eigin upplifun í ræðu og riti. Brýnt er fyrir sjálfsmynd nemenda að vekja þá til vitundar um gildi móðurmáls og bókmennta.

Í ritunarkennslu ber að stefna að því að nemendur séu skapandi og öðlist sjálfstæði í vinnubrögðum. Þeir þurfa að fá æfingu í að vinna úr fjölbreyttum textum, endursegja og laga þá að eigin þörfum. Áhersla skal lögð á virðingu við heimildir, að nemendur meti texta annarra og geti jafnframt tekið gagnrýni á eigin texta og nýtt hana til úrbóta.

Öll fræði um málið hjálpa nemendum til að styrkja hugmyndir sínar um hverjir þeir eru og hvaðan þeir koma. Áhersla skal lögð á að málfræði og málfræðileg hugtök eru verkfæri sem nota má til að fjalla um og greina síbreytilegt tungumál. Málfræðiþekking nýtist einnig til að læra erlend

tungumál. Góð tök á móðurmálinu og ríkulegur orðaforði styrkir sjálfstraust nemenda og nýtist þeim í leik og starfi.

Talað mál og hlustun

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa tileinkað sér skýran og áheyrilegan framburð og viðeigandi talhraða
- skilja leiðbeiningar um framsögn, svo sem um áherslu, tónfall og hrynjandi
- geta endursagt skipulega það sem hann hefur lesið eða heyrt
- geta tjáð eigin tilfinningar og skoðanir og haldið athygli áheyrenda
- flytja eigin texta og annarra skýrt og áheyrilega
- kunna að hlusta á aðra og bregðast við á viðeigandi hátt
- vera fær um að taka þátt í umræðum og gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær
- geta flutt mál sitt, kynnt tiltekin viðfangsefni og nýtt texta, tónlist eða myndefni sér til stuðnings
- hafa fengið tækifæri til að njóta listræns efnis, svo sem upplestrar, leiksýninga, kvikmynda og söngatriða
- hafa kynnst íslenskum kvikmyndum og þekkja dæmi um tengsl þeirra við bókmenntir og sögu lands og þjóðar
- hafa tekið þátt í að semja eða flytja menningarlegt efni

Lestur og bókmenntir

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- skilja mikilvægi þess að geta lesið sér til gagns og ánægju
- geta lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi
- kunna mismunandi lestraraðferðir og geta beitt hraðlestrartækni
- geta greint aðalatriði og aukaatriði í texta
- þekkja margvíslegar textategundir og helstu einkenni þeirra
- geta unnið úr tölulegum og myndrænum upplýsingum
- geta aflað sér heimilda, til dæmis á bókasafni, í dagblöðum, tímaritum og á Netinu
- geta lagt mat á gildi og trúverðugleika texta og fjölmiðlaefnis og tekið gagnrýna afstöðu til þess
- hafa lesið og fjallað um fjölbreyttar íslenskar og erlendar bókmenntir, svo sem skáldsögur, leikrit, þjóðsögur, goðsögur og ljóð
- geta gert grein fyrir áhrifum bókmennta og tilfinningum sem þær vekja
- vera læs á myndmál, algengustu tákn og líkingar
- geta beitt grunnhugtökum í bókmenntafræði, svo sem minni, fléttu, sjónarhorni og söguviði
- geta notað algeng hugtök úr bragfræði í umfjöllun um bundið mál og óbundið
- hafa lært valin ljóð og fjallað um ýmiss konar kveðskap
- þekkja til íslenskra bókmennta að fornu og nýju, hafa lesið Íslendingasögu og úr verkum nokkurra höfuðskálda

- hafa kynnst öðrum menningarheimum og til dæmis lesið texta frá heimalöndum sammemenda sem eru ekki af íslenskum uppruna

Ritun

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa persónulega rithönd, skrifa skýrt og greinilega og setja upp texta á viðeigandi hátt
- kunna að ganga frá texta á stafrænu formi
- hafa vald á réttiritun og geta beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- geta nýtt sér orðabækur, handbækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn eftir þörfum
- hafa tileinkað sér skipulögð vinnubrögð við ritgerðasmíð, meðal annars kunna að draga saman efni, endursegja og fella inn í eigin texta
- vera fær um að tjá hugmyndir sínar og skoðanir og færa rök fyrir þeim
- geta byggt upp texta, mótað málsgreinar og efnisgreinar og skipað þeim í röklegt samhengi
- vera fær um að skrifa mismunandi textategundir
- geta nýtt sér einfaldar leiðbeiningar um textagerð og gagnrýni á eigin texta
- hafa góðan orðaforða og vald á ýmsum stílbrigðum
- hafa fengið þjálfun í skapandi skrifum og samið margs konar texta

Málfræði

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa ræktað með sér áhuga á móðurmálinu og öðlast trú á eigin málkunnáttu
- hafa náð nokkurri leikni í að beita málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess
- gera sér grein fyrir orðmyndun og orðeiningum og nýta þá þekkingu til dæmis við stafsetningu
- þekkja beygingarleg og merkingarleg einkenni allra orðflokka og gera sér grein fyrir hlutverki þeirra í texta
- vera fær um að fletta upp í handbókum og orðasöfnum og kunna að nýta sér málfræðilegar upplýsingar í þeim
- geta notað orðtök, málshætti og föst orðasambönd til að auðga mál sitt
- gera sér grein fyrir sköpunarmætti tungumálsins, svo sem við nýyrðasmíð, í orðaleikjum og skáldskap
- gera sér grein fyrir að málnotkun er mismunandi eftir aðstæðum
- hafa kynnst staðbundnum og aldurstengdum tilbrigðum í orðaforða og málnotkun
- þekkja til helstu framburðarmállýskna og þróunar þeirra
- geta nýtt sér málfræðiþekkingu sína við nám í erlendum tungumálum
- hafa áttað sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál breytast sífellt

ÍSLENSKA SEM ANNAÐ TUNGUMÁL

Inngangur

Íslenska sem annað tungumál er námsgrein fyrir nemendur sem hafa ekki nægilegt vald á íslensku til að geta stundað nám í íslenskum skólum til jafns við aðra nemendur. Þetta á jafnt við um nemendur af íslenskum og erlendum uppruna.

Nám í greininni er ekki eingöngu tungumálanám heldur miðar að því að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllu námi eftir því sem kostur er. Þetta þýðir að viðfangsefni íslensku sem annars tungumáls tengjast öllum námsgreinum og er samþætting því nauðsynleg.

Íslenskunám er innflytjendum mikilvægt til þátttöku í samfélaginu. Það er meðal annars hlutverk skóla að hjálpa börnum frá öðrum menningarsvæðum að verða virkir þátttakendur í nýju samfélagi.

Í reglugerð er kveðið á um að allir nemendur í grunnskólum, er hafa annað móðurmál en íslensku og hafa fasta búsetu hér á landi, eigi rétt á kennslu í íslensku sem öðru tungumáli. Framkvæmd og eðli slíkrar kennslu í íslensku tekur einnig mið af alþjóðlegum sáttmálum sem Ísland er aðili að, s.s. barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, 29. gr., sem segir að menntun allra barna skuli stuðla að því að móta virðingu fyrir foreldrum barnsins, menningararfleifð þess, tungu og gildismati, þjóðernislegum gildum þess lands sem það býr í og þess lands er það kann að vera upprunið frá og fyrir öðrum menningarháttum sem frábrugðnir eru menningu þess sjálfs.

Mikilvægt er að nemendur í grunnskólum með annað móðurmál en íslensku viðhaldi móðurmáli sínu eftir því sem kostur er. Það er mikilvægt fyrir sjálfsmynd þeirra að tekið sé tillit til þekkingar þeirra á eigin móðurmáli en ekki eingöngu einblínt á færni þeirra í íslensku. Æskilegt er að þeir viðhaldi móðurmáli sínu með námi í heimaskóla eftir því sem kostur er eða í fjarnámi. Heimilt er að viðurkenna slíkt nám í móðurmáli í stað náms í erlendu tungumáli. Skal stefnt að virku tvítyngi þessara nemenda enda er góð kunnátta í móðurmáli undirstaða læsis, góðrar færni í seinna máli og eðlilegrar framvindu í námi almennt.

Með kennslu í íslensku sem öðru tungumáli er stefnt að því að nemendur verði hæfir til að taka fullan þátt í íslensku samfélagi sem tvítyngdir einstaklingar með rætur og innsæi í tvo eða fleiri menningarheima og auðgi með því íslenskt mannlíf. Markmiðin fela í sér að íslenska sem annað tungumál sé lykill að

- íslensku skólastarfi
- íslensku samfélagi
- virku tvítyngi
- tveimur menningarheimum

Menntun og velferð nemenda er sameiginlegt verkefni heimila og skóla og samstarfið þarf að byggjast á gagnkvæmri virðingu, trausti, samábyrgð og gagnkvæmri upplýsingamiðlun. Mikilvægt er að skólar leiti allra leiða til að bjóða foreldrum og forráðamönnum af erlendum uppruna að taka þátt í foreldrastarfi og styðja þannig menntun barna sinna.

Í námsgreininni íslensku sem öðru tungumáli felst meira en tungumálakennsla. Saman fara markmið þar sem leitast er við að þjálfa nemendur í íslensku máli og menningarfærni, viðhalda og þróa þekkingargrunn og læsi og örva námsgetu og námstækni og stuðla að félagslegri vellíðan nemandans. Mikilvægt er að gæta þess að nemendur með annað móðurmál en íslensku fylgi jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum. Með því að huga að öllum þáttum þroska barnsins eru minni líkur á að nemandi með annað móðurmál verði á eftir í náminu meðan hann leitast við að læra íslenskt mál og öðlast menningarfærni. Með því að taka mið af þessum markmiðum samhliða markmiðum annarra námsgreina verður kennslan markvissari og betur er hugað að öllum þáttum sem áhrif hafa á framvindu í námi barna sem læra á öðru máli en móðurmálinu.

Markmiðunum má ná með því að

- greina stöðu og þarfir einstakra nemenda áður en námsáætlun er gerð
- stuðla að viðhaldi og ræktun móðurmáls og læsi á móðurmáli, sérstaklega á yngri stigum
- brúa bil milli móðurmáls og menningar annars vegar og íslensks máls og menningar hins vegar
- þjálfa markvisst mál sem tengist skólastarfi
- huga að menningar- og námslegum forsendum sem liggja að baki góðri námsframvindu
- stuðla að áframhaldandi þróun námsþroska og eflingu læsis með sérstakri áherslu á lesskilning
- byggja á þekkingu og undirstöðu sem fyrir er í einstökum námsgreinum og því er nauðsynlegt að athuga hvort þekkingargrunnur sé sambærilegur og hjá öðrum nemendum
- gera lokamarkmið allra annarra námsgreina að lokamarkmiðum íslensku sem annars tungumáls
- leggja áherslu á að nemendur öðlist sambærilega þekkingu og jafnaldrar þeirra samtímis því sem þeir læra íslensku, m.a. með því að laga allt námsefni að námsgetu og málfærni hvers einstaklings hverju sinni

Sérstaða barna með annað móðurmál en íslensku

Nemendur með annað móðurmál en íslensku hafa ólíkan menningarlegan, mállegan og námslegan bakgrunn. Þessir nemendur hafa því misjafnar forsendur til að takast á við nám í íslenskum skólum. Þeir koma í skólann með mismikla undirstöðu í íslensku, eigin móðurmáli, læsi og námi og eru misjafnlega í stakk búnir til að takast á við almennt nám.

Kennsla í íslensku sem öðru tungumáli þarf að taka mið af stöðu nemenda í námi og þeirri staðreynd að málleg og menningarleg reynsla þeirra og þekking er önnur en nemenda sem hafa alist upp í íslenskri menningu og málumhverfi. Íslenska sem annað tungumál felur því í sér þjálfun í íslensku og þátttöku í íslenskri menningu, viðhald læsis og þekkingar í öllum námsgreinum og eflingu námsþroska. Íslenska sem annað tungumál er því í eðli sínu námsgrein sem nær yfir allt skólastarfið.

Viðfangsefni íslenskukennslunnar eru samræmd og samhæfð öllum öðrum námsgreinum. Allir kennarar verða því íslenskukennarar og allir kennarar í íslensku sem öðru tungumáli stuðla að því að markmiðum annarra

námsgreina verði náð. Markmiðin lúta því ekki eingöngu að íslenskukennslu, heldur tengjast þau þekkingar-, færni-, viðhorfa- og sköpunarmarkmiðum annarra námsgreina og skólastarfinu í heild.

Með kennslunni þarf að brúa bilið milli málþroska í móðurmáli og íslensku. Málumhverfi barns hefur mikil áhrif á máltöku, hvort sem um er að ræða móðurmál eða seinna mál. Traust undirstaða í móðurmáli er forsenda færni í seinni málum. Börn virðast hafa sérstakan hæfileika til máltöku fram á unglingsárin. Fram að þeim aldri eru börn að treysta málfærni í móðurmáli og víkka hana, m.a. með því að læra að lesa og skrifa. Ef börn skipta um málumhverfi á viðkvæmu máltökuskeiði er farsælast að þróun móðurmáls haldi áfram og að seinna málinu sé bætt við, þ.e. að stuðlað sé að viðbótarmáli og virku tvítyngi en ekki málskiptum. Ef móðurmáli er ekki haldið við er að auki hætt á að tjáning og samskipti milli barna og foreldra þeirra og málumhverfis þeirra almennt geti orðið takmörkuð. Slíkt getur bæði haft neikvæð áhrif á þróun mál- og menningarfærni á seinna máli og sjálfsmyndar.

Tvítyngi hefur jákvæð áhrif á vitsmunaproska þegar báðum tungumálunum er viðhaldið. Reynsla barna hefur áhrif á uppbyggingu vitsmunaproska sem aftur hefur áhrif á þróun námsgetu. Börn, sem alast upp við tvö tungumál samtímis eða læra nýtt tungumál á grunnskólaaldri og viðhalda jafnframt móðurmálinu, lestri, ritun, tali o.s.frv., eru vel í stakk búin til að takast á við nám á hvoru máli um sig.

Samkvæmt barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á að viðhalda móðurmáli sínu þrátt fyrir flutning frá heimalandi. Með því að styrkja móðurmálskunnáttu innan eða utan skólans er stuðlað að jafnrétti til náms fyrir alla nemendur. Foreldrar skulu hvattir til að viðhalda móðurmálinu á heimilum en í skólum má aðstoða nemendur við að styðja hver annan og nýta kosti bókasafna, fjarkennslu og Netsins til að nálgast efni á móðurmálinu og efla samskipti við nemendur með sama menningar- og tungumálagrunn. Þá má gefa nemendum með annað móðurmál kost á að nema móðurmálið sem valgrein.

Skýringar

Móðurmál: Með móðurmáli er átt við það tungumál sem barnið lærir fyrst, er því tamast og talað er á heimili þess, stundum aðeins af öðru foreldri.

Tvítyngi: Nemandi er tvítyngdur ef hann hefur færni í tveimur tungumálum. Hér er þó sérstaklega átt við nemendur sem stunda nám í skólum á öðru máli en móðurmálinu. Fæstir eru jafnvígir á bæði málin og getur þar munað miklu.

Virkt tvítyngi: Með virku tvítyngi er átt við það að nota tvö tungumál í daglegu lífi og lifa í tveimur menningarheimum, t.d. getur annað málið verið notað heima en hitt í skólanum og meðal félaga.

Nám og kennsla

Hver skóli skal móta sér áætlun um innritun og móttöku tvítyngdra barna og fjölmennningarlega kennslu. Skólar þurfa, við innritun og móttöku nemenda, að afla sér upplýsinga um bakgrunn nemenda, m.a. um færni þeirra í lestri, móðurmáli og öðrum tungumálum.

Nemendur eiga að geta farið beint í heimaskóla og fengið þar viðeigandi stuðning í samræmi við aðalnámskrá grunnskóla og móttökuáætlun skólans. Einnig er sveitarfélögum heimilt að skipuleggja sérstakt námsframboð við grunnskóla fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Atriði sem þurfa að vera í móttökuáætlunum einstakra skóla:

- Upplýsingagjöf fyrir foreldra um skólastarfið, þjónustu skólans, samskipti við skólann og reglur skólans.
- Upplýsingaöflun skólans um bakgrunn nemenda og aðstæður foreldra.
- Upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfshætti skólans.
- Upplýsingagjöf til nemenda og foreldra um starfsemi í skólanum utan lögbundinnar kennslu, s.s. félags- og tómstundastarf, lengda viðveru og íþrótt- og æskulýðsstarfsemi í grenndarsamfélaginu.
- Upplýsingar um samvinnu kennara og/eða móttökuteymis í skólanum.
- Með hvaða hætti skólinn hyggst hvetja foreldra til að styðja við nám nemenda og þróa og viðhalda móðurmáli nemenda.
- Upplýsingar um samstarf heimila og skóla, foreldraviðtöl og fundi.
- Leiðsögn um skólann, kynning á skólahúsnæði og umhverfi.
- Hvernig upplýsingum um nemandann er haldið til haga, t.d. í nemendamöppu.
- Mat á þörf á túlkaþjónustu.
- Almenn viðmið um skipulag og umfang stuðnings.

Atriði sem m.a. þurfa að vera í einstaklingsáætlun:

- Markmið í íslensku sem öðru tungumáli
 - orðaforði
 - tal
 - hlustun/skilningur
 - lestur
 - ritun
 - málfræði og málnotkun
 - námstækni
 - læsi
 - gagnrýnin hugsun
 - menningarfærni
 - félagsleg aðlögun

og eins og við á

- Markmið námsgreina sem nemandi leggur stund á hverju sinni.

Hluti af einstaklingsnámskrá nemanda með annað móðurmál snýr að markmiðum þeirra námsgreina sem hann leggur stund á hverju sinni. Nemendur með annað móðurmál en íslensku skulu fylgja jafnöldrum sínum í öllum námsgreinum eins og unnt er. Hafa ber samstarf við umsjónarkennara um greiningu á hvað nemandinn kann fyrir og hvað megi búast við að nemandi geti skilið af því efni sem fyrir hann er lagt. Til þess að fá upplýsingar um þekkingargrunn nemenda í ýmsum námsgreinum gæti þurft að fá aðstoð túlks svo að skipuleggja megi kennsluna með markvissum hætti.

Námsefnið skal vera í samræmi við þroska, málfærni og les hæfni nemandans og ávallt samhæft náms- og þekkingarkröfum námsgreina hvers skólastigs. Námsefni einstakra námsgreina verður því að aðlaga og nota sem inntak og efni í íslenskukennslu. Þó ber þess að gæta að aðlögun sé í samræmi við málfærni og að hún minnki stöðugt eftir því sem málfærni nemandans eykst. Námsefni í öllum námsgreinum má laga að málfærni nemenda með annað móðurmál en íslensku t.d. með því að

- skýra markmið kennslunnar
- tengja nýtt efni fyrri reynslu nemenda eins og unnt er
- gera greinarmun á aðalatriðum og aukaatriðum í námsefni
- undirbúa nemendur undir lestur, m.a. með forkennslu valins orðaforða, flokkun og getgátum til að auðvelda skilning
- draga saman og draga út meginatriði á einföldu máli fyrir og eftir kennslu
- ganga úr skugga um að nemendur skilji og greini texta og tengi skilning við eigin reynslu og annarra

Kennsluhættir þurfa að miðast við fjölbreyttan nemendahóp þar sem allir nemendur, íslenskir og erlendir, hafa jafnan aðgang að náminu. Sérstaklega er bent á fjölmenningslega kennslu, samvinnunám og nemendamíðaðar aðferðir sem miðast að því að allir nemendur verði virkir í eigin námi. Kennsluhætti þarf að endurskoða eftir því sem nemendahópurinn breytist.

Skipan náms

Áfangamarkmiðunum er skipt í þrjú aldurssvið eins og markmiðum annarra námsgreina, þ.e. fyrir 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Innan hvers áfanga eru tvenns konar áfangamarkmið: *áfangamarkmið 1* greina frá því hvað nemendur eiga að kunna í almennu máli og menningarfærni að loknum hverjum áfanga en *áfangamarkmið 2* lýsa þeirri skólamálfærni í öllum námsgreinum sem stefnt er að.

Áfangamarkmiðin eru að innihaldi mjög lík á öllum skólastigum en eru aðlöguð aldri, þroska, þekkingu, kunnáttu og áhuga á hverju aldurstigi og eiga að tryggja velgengni í námi í íslenskum skólum.

Markmið í íslensku fyrir nemendur með annað móðurmál en íslensku eru annars eðlis en markmið annarra námsgreina þar sem námsgreinin nær í raun til allra námsgreina. Nemendurnir geta hafið nám í íslenskum skólum á hvaða námsstigi sem er með mjög mismunandi íslenskukunnáttu og almennan menntunarbakgrunn. Nemendur með annað móðurmál en íslensku, sem koma til landsins t.d. í 5. bekk, geta verið á undan eða eftir í ýmsum námsgreinum, læsi og námsþroska en að auki með mjög mismunandi íslenskukunnáttu. Innan áfangamarkmiðanna eru því markmið sem lýsa hversu mikilli færni í íslensku máli og menningu, námsgreinum, læsi, námstækni o.s.frv. nemendur eiga að geta náð á hverju aldurstigi. Markmiðin byggjast á þeirri staðreynd að nemendur geta hætt í íslensku sem öðru tungumáli þegar markmiðunum er náð hvenær sem er á skólaferlinum en miðast ekki endilega við lok grunnskóla. Það getur tekið nemendur með annað móðurmál allt að sjö árum að ná skólamálfærni til jafns við íslenskumælandi nemendur.

PREP Í NÁMI

Skipulag íslensku sem annars tungumáls á einstökum skólastigum grunnskóla tekur mið af aldri, þroska og þörfum nemenda á hverju stigi, þ.e. í 1.-4. bekk, 5.-7. bekk og 8.-10. bekk. Áföngunum er skipt niður í þrep sem miðast við kunnáttu í íslensku, þ.e. í fyrsta lagi miðað við byrjendur, svo lengra komna, lengst komna og loks svonefnda brú yfir í almennt nám. Nemendur geta verið staddir á ýmsum þrepum á hverju skólastigi óháð aldri og almennum þroska. Þrepin miðast við hvað nemandi, sem kemur í íslenskan skóla innan hvers áfanga, þarf að kunna sem byrjandi, lengra kominn o.s.frv. Áfangamarkmið allra námsgreina, þar á meðal í íslensku sem öðru tungumáli, má síðan laga að málfærni hvers hóps eða einstaklings.

Byrjendur

- Nemendur, sem hafa litla eða enga kunnáttu í íslensku, eru skilgreindir sem byrjendur.
- Á þessu stigi eru samskipti mjög takmörkuð og aðeins með hjálp látbragðs, sýnikennslu og mynda.
- Eftir því sem skilningur eykst fara nemendur að endurtaka og nota einstök orð og orðatiltæki til að tjá sig.
- Skilningur fæst með hjálp mynda og þýðinga yfir á móðurmálið.
- Nemendur geta byrjað að skrifa orð og stuttar setningar sem oftast bera mikinn keim af móðurmáli, bæði hvað varðar málfræði, framburð og textameðferð.
- Setningarnar eru mjög einfaldaðar.
- Nemendur eru mjög misfljótir að geta tjáð sig og er mislangur „þögull tími“ eðlilegur hluti af máltökufærni margra barna.

Lengra komnir

- Nemandi skilur flóknara mál með útskýringum og endurtekningum.
- Orðaforði og málnotkun eykst, sérstaklega föst orðatiltæki sem notuð eru oft í daglegu lífi.
- Nemendur geta notað íslensku sér til framdráttar í dagsins önn en geta ekki tjáð allt sem þeim liggur á hjarta vegna takmarkaðs orðaforða og málfræði.
- Málnotkun vísar þó nokkuð málfræðilega frá viðurkenndri málnotkun.
- Nemendur eiga erfitt með að skilja skólamál og texta námsbóka.
- Skilningur er mismunandi eftir bakgrunnsþekkingu og lestrarkunnáttu.
- Ritun einkennist af móðurmálinu og takmarkaðri málfræði.

Lengst komnir

- Nemendur geta bjargað sér á almennu, daglegu máli.
- Yngri börn geta talað nokkurn veginn hreimlaust.
- Málið er einfalt en nokkurn veginn villulaust.
- Nemendur eiga enn erfitt með að skilja langa texta sem þeir virðast lesa auðveldlega og talað mál sem slitið er úr samhengi og fjallar um huglæg efni.
- Sjaldgæf orð og orðasambönd, máltæki, huglæg hugtök og textar úr samhengi vefjast fyrir þeim, svo og flókin setningaskipan.
- Ritun nálgast markmálið, þó með einhverjum villum.

Brú yfir í almennt nám

- Nemendur skilja skólamál og texta, auka orðaforða jafnt og þétt og málnotkun á töluðu og rituðu máli nálgast málkunnáttu jafnaldra.
- Nemendur kunna nóg í íslensku til að auka málfærni upp á eigin spýtur og geta leiðrétt sig eins og við á.

Námsmat

Markmið námsmats í íslensku fyrir tvítýngda nemendur eru margþætt. Eins og annað námsmat verður það að vera greinandi, upplýsandi, leiðbeinandi og hvetjandi og í samræmi við námsefnið og verkefnið sem nemandinn hefur fengist við í kennslustundum. Nemandi, sem ekki hefur íslensku að móðurmáli, á að ná markmiðum námsgreina samkvæmt aðalnámskrá og því verður að meta framvindu hans í námsgreinum. Slíkt mat kemur því aðeins að gagni að tekið sé tillit til færni nemandans í íslensku. Til viðbótar verður kennari að meta framfarir nemandans í íslensku máli. Á yngri stigum er áhersla á mat á málproska, orðaforða og læsi, auk námsgreina. Á miðstigi er áhersla á orðaforða, lesskilning, framburð og námsgreinar og á efsta stigi er áhersla á færni í rituðum og töluðum tjáskiptum, orðaforða og á námsgreinar.

Námsmat skal m.a.

- greina alhliða undirstöðu nemenda í íslensku, móðurmáli, læsi, námstækni og námsgreinum áður en farið er af stað með kennslu – þekking getur verið meiri eða minni en virðist við fyrstu sýn
- gera greinarmun á mállegri stöðu og stöðu í námsgrein
- meta framvindu í móðurmáli (ef við á), íslensku, læsi, námstækni og í einstökum námsgreinum í samræmi við markmið kennslu
- meta hvenær sérstakrar aðstoðar er ekki lengur þörf
- gera greinarmun á mati á málfærni og mati á þekkingu á málfræðireglum og skal hið fyrra metið sem hluti af íslensku sem öðru máli en hið síðara sem hluti markmiða í íslensku
- forðast að gera þekkingu nemanda á formbyggingu íslenskrar tungu að aðalatriði í kennslu og mati

Matsaðferðir sem hafa reynst vel í kennslu nemenda með annað móðurmál:

- símat
- mat á því hvernig nemendum gengur að fara eftir leiðbeiningum, sýna, myndskreyta, lýsa, skrifa og gera tilraunir
- mat á verkefnum nemenda sem haldið er til haga í sérstökum verk möppum; það gefur gott yfirlit yfir framfarir og árangur nemenda
- mat á dagbókum nemenda

Tvítýngdir nemendur og námsmat í öllum námsgreinum:

- eðlilegt er að nemendur með takmarkaða íslenskukunnáttu fái lengri tíma til að leysa prófverkefni
- stundum er nauðsynlegt að leyfa notkun orðabóka í prófum

- gera skal skýran greinarmun á kunnáttu í íslensku og kunnáttu í námsgreinum og gæti því þurft að laga prófspurningar og leiðbeiningar að íslenskukunnáttu nemenda eða skýra þær sérstaklega í prófum
- heimilt er að leyfa nemendum að taka munnlegt próf og ef við á nota móðurmálið til að koma þekkingu og færni á framfæri

Mikilvægt er að gera greinarmun á þekkingu á innihaldi og færni í tungumáli. Nemandi getur vitað svarið þó að hann hafi ekki nægilega færni til að skilja spurninguna eða koma svarinu frá sér á skiljanlegri íslensku. Því þarf oft að aðstoða nemanda með annað móðurmál við að skilja til hvers er ætlast af honum í prófum og mati almennt.

Lokamarkmið í íslensku sem öðru tungumáli

Í almennum hluta aðalnámskrár kemur fram að eðli lokamarkmiða sé að gefa heildarsýn yfir stefnu í einstökum námsgreinum sem kenndar eru í grunnskóla. Lokamarkmið í íslensku sem öðru máli eru í meginatriðum þau sömu og fyrir íslensku almennt en tilgreina einnig almennan tilgang námsins. Áfangamarkmiðin fylgja svo í kjölfarið þar sem fram kemur útfærsla á einstökum skólastigum og þrepum miðað við kunnáttu og getu nemenda. Markmiðin eru leiðarvísir í öllu skólastarfi og liggja til grundvallar skólanámskrárgerð, áætlunum um nám og kennslu og námsmat. Markmiðin eru einnig grundvöllur undir mat á gæðum skólastarfs.

Nemendur

- verði færir um að skilja og nota íslenskt mál og viðeigandi málsnið
- geti tjáð skoðanir sínar, hugmyndir og tilfinningar á skýru, töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenska málhefð
- geti skilið skoðanir annarra á sama hátt og tekið með fullri reisn þátt í íslensku félags- og menningarlífi
- geti stundað nám í íslenskum grunnskólum og tekið þátt í íslensku samfélagi
- öðlist munnlega og skriflega færni í íslensku sem gerir þeim kleift að stunda nám við eðlilega framvindu til jafns við jafnaldra sína
- öðlist þekkingu á málhefðum íslenskra skóla, þ.e. skilji kennslu, leiðbeiningar, sérstakan orðaforða og stíl einstakra námsgreina
- öðlist þann námsþroska sem er undirstaða eðlilegrar námsframvindu
- fái nægilega þekkingu í námsgreinum til að geta fylgt jafnöldrum í námi
- geti tekið þátt í að skapa þann sameiginlega reynsluheim sem íslenskur skóli byggist á
- læri að þekkja og skilja sjálfa sig sem tvítyngda einstaklinga, félagsverur, samfélagsþegna og heimsborgara með rætur í tveimur menningarheimum

Áfangamarkmið við lok 4. bekkjar

Á þessu aldurstigi læra flest börn daglegt mál fái þau næg tækifæri til að nota málið og leika sér með það. Markmið náms og kennslu á þessu stigi eru að veita nemendum tækifæri til málnotkunar en aðaláhersla á að vera á læsi,

eflingu námsþroska og námstækni. Á þessu stigi er mikilvægt að fella markmið í íslensku sem öðru tungumáli saman við markmið í íslensku eins og unnt er.

Áfangamarkmið 1

Mál- og menningarfærni

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta notað íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum við aðra í samræmi við aldur og þroska, m.a. að
 - nota íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og skilja aðra
 - nota íslensku til að taka þátt í samræðum og leikjum og taka tillit til viðmælenda
 - hafa þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við önnur börn og fullorðna
 - geta lesið einfalda texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur, aldur og þroska
- geta notað málvenjur og málhegðun í daglegum samskiptum við börn og fullorðna
- geta náð athygli viðmælenda og byrjað og lokið samtölum
- geta tekið þátt í leik og skólasterfi, m.a. með því að ná athygli og fá leyfi til að taka þátt
- geta heilsað og kvatt og látið í ljós þakklæti á viðeigandi hátt eftir aðstæðum
- geta áttað sig á íslenskum kurteisisvenjum
- geta spurt og beðið um útskýringar
- geta gefið upplýsingar um sjálfan sig og fjölskyldu
- geta hlustað á, skilið, lesið, skoðað, lýst og brugðist við bókum, myndum, kvikmyndum, ljóðum og söngvum við hæfi barna
- geta fengið og gefið samþykki og leyfi
- geta lýst atvikum, áhuga og hugmyndum sem tengjast sérstökum viðfangsefnum
- geta spurt um og fengið útskýringu á orðum og orðatiltækjum
- geta notað samhengi í máli til að auka skilning
- geta notað málvenjur við réttar aðstæður (formlegt og óformlegt mál, talað og ritað mál)
- geta brugðist á viðeigandi hátt við hrósi, gagnrýni, kveðjum og boðum
- geta greitt úr vandamálum, misskilningi og ágreiningi miðað við þroska
- geta notað orðatiltæki og götumál við réttar aðstæður
- geta áttað sig á hvaða umræðuefni eiga við hverju sinni
- geta notað viðeigandi raddhæð og látbragð, s.s. augntillit og fjarlægð frá viðmælenda

Áfangamarkmið 2

Skólamál og námsfærni

Nemandi geti notað íslensku til að stunda nám til jafns við jafnaldra í öllu skólastarfi, m.a. að

- geta skilið tjáskipti í kennslustund, s.s. fyrirmæli og leiðbeiningar kennara og samskipti nemenda og kennara
- geta tjáð eigin hugmyndir og tekið virkan þátt í skólastarfi
- geta aukið leshraða og lesskilning í samræmi við aldur og þroska
- geta aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um það bæði á töluðu og rituðu máli
- hafa eftt gagnrýna hugsun og eigin námsþroska
- geta nýtt upplýsingatækni í tengslum við lestur og ritun

Tal, hlustun og skilningur

Nemandi

- geti borið fram íslenskt mál án áberandi áhrifa frá móðurmáli
- geti tekið þátt í umræðum um námsefni á viðeigandi hátt, m.a. með því að nota eigin reynslu til að auðga umræðuna
- geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti spurt og svarað spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum og skólastarfi almennt
- geti beðið um skýringu, aðstoð og endurtekningu
- geti lýst atvikum, persónum og hlutum
- geti skilið og endursagt atburðarás sögu, röð atvika og verkþátta
- geti gert sér grein fyrir aðalatriðum í munnlegum og skriflegum frásögnum
- geti látið í ljós skilning með myndum

Lestur og ritun

Nemandi

- geti notað íslenskt stafróf og áttað sig á íslenskum ritstíl námsgagna og sögubóka
- geti áttað sig á samhengi til að túlka texta og talað mál
- geti skráð athugasemdir og tekið nótur
- geti notað íslenskan ritstíl
- geti skrifað og lesið stiklutexta
- geti tekið þátt í hóplestri
- geti tengt tölur, orð og myndir við texta
- geti rýnt í og spáð fyrir um atburði í textum

Námsgreinar

Nemandi

- geti notað og skilið orð og hugtök sem tengjast einstökum námsgreinum
- geti tengt nýjar upplýsingar fyrri þekkingu

Námstækni og gagnrýnin hugsun

Nemandi

- geti fundið gögn og upplýsingar, t.d. á bókasafni, á tölvu og með viðtölum, til að ljúka verkefni
- geti tekið þátt í hópvinnu og/eða paravinnu
- geti byrjað, viðhaldið og lokið samvinnu og samskiptum í lausn verkefna
- geti tengt hugmyndir annarra við eigin hugmyndir
- geti rökstutt mál sitt
- geti greint, skýrt og flokkað upplýsingar
- geti aflað upplýsinga og úrlausna hjá kennurum og félögum, kunnugum og ókunnugum
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum í tal- og ritmáli
- geti áttað sig á söguþræði og persónum í sögum
- geti nýtt sér þekkingu og athafnir annarra og tengt og aðlagð eigin þekkingu og athöfnum
- geti metið eigin framvindu, mál og hegðun
- geti tengt ritað mál orðum og tölum
- geti flokkað, raðað og borið saman hluti eftir lit, formi, stærð og einkennum
- geti valið bestu aðferðina við lausn einstakra verkefna
- geti skoðað atriði frá ýmsum hliðum til að dýpka skilning

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar

Mikilvægt er að staða nemanda í læsi og einstökum námsgreinum sé greind við komuna í skólann. Með góðri yfirsýn yfir stöðu nemandans aukast líkur á því að sú þekking, sem við bætist, tengist á raunhæfan hátt fyrri námi og komi honum því að gagni. Á þessu stigi er mikilvægt að huga sérstaklega að framburði, lestrarfærni, eflingu námsþroska og menningarfærni og að kenna undirstöðuatriði og orðaforða einstakra námsgreina. Námsefni íslensku sem annars tungumáls er því stofni til námsfni annarra námsgreina sem lagað er að íslenskukunnáttu nemenda. Íslenska er því að mestu kennd í gegnum aðrar námsgreinar.

Áfangamarkmið 1**Mál og menningarfærni**

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta notað íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum við aðra, m.a. að
 - geta notað íslensku til að tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og til að skilja aðra
 - geta notað íslensku til að tjá hug sinn til að taka þátt í umræðum og félags- og menningarlífi
 - hafa þroskað með sér menningarfærni sem auðveldar samskipti við fólk af báðum kynjum á mismunandi aldri

- geta lesið texta sér til gagns og ánægju og tjáð sig um þá í töluðu og rituðu máli í samræmi við íslenskar málvenjur
- geta notað viðeigandi málsnið við réttar aðstæður, bæði formlegt og óformlegt mál, talað og ritað
- geta borið fram íslensk máhljóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi í samræðum og ýmiss konar upplestri
- geta heilsað og kvatt, látið í ljós þakklæti
- geta náð athygli viðmælenda á viðeigandi hátt
- geta spurt og beðið um útskýringar á skoðunum og vilja jafnaldra og annarra
- geta gefið upplýsingar og lýst bókum, myndum, kvikmyndum, athöfnum og áhugamálum
- geta tjáð líðan og þarfir og persónulega reynslu í rituðu og töluðu máli, t.d. í dagbók og með bréfum
- geta fundið og skilið upplýsingar sem tengjast þátttöku í félagslífi og íþróttum
- geta notað rétt mál við réttar aðstæður, bæði formlegt og óformlegt, talað og ritað
- geta notað málvenjur og málhegðun í algengum samskiptum ungmenna og fullorðinna, karla og kvenna
- geta samið um lausnir og greitt úr vandamálum, misskilningi og ágreiningi í samræmi við aldur og þroska
- geta leitað að útskýringum í orðabókum og handbókum, hjá félögum og kennurum
- geta byrjað og lokið samtölum, heilsað og kvatt, sýnt kurteisi
- geta tjáð vilja og ætlun
- geta brugðist á viðeigandi hátt við hrósi, gagnrýni, kveðjum og boðum
- geta lýst atvikum og hugmyndum og persónum, kvikmyndum og áhugamálum
- geta prófað, þjáfað og leikið sér með málið með því að herma eftir, með endurtekningu og endursögn
- geta notað samhengi til að auðvelda skilning
- geta notað orðatiltæki og slanguryrði á viðeigandi hátt

Áfangamarkmið 2

Skólamál og námsfærni

Nemandi geti notað íslensku til að stunda nám til jafns við jafnaldra í öllu skólastarfi, m.a. að

- geta skilið tjáskipti í kennslustund, s.s. fyrirmæli og leiðbeiningar kennara og samskipti nemenda og kennara
- geta tjáð eigin hugmyndir og tekið virkan þátt í skólastarfi
- geta aukið leshraða og lesskilning á námsefni í samræmi við aldur og þroska
- geta aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um það bæði á töluðu og rituðu máli og geta nýtt sér þá þekkingu

- hafa eftt gagnrýna hugsun og eigin námsþroska
- geta nýtt upplýsingatækni sér til framdráttar í námi

Tal, hlustun og skilningur

Nemandi

- geti borið fram íslenskt mál án áberandi áhrifa frá móðurmáli
- geti tekið þátt í umræðum um námsefni á viðeigandi hátt, m.a. með því að nota eigin reynslu til að auðga umræðuna
- geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti spurt og svarað spurningum sem tengjast einstökum námsgreinum og skólafarfi almennt
- geti beðið um og gefið skýringu og aðstoð á viðeigandi hátt
- geti lýst atvikum, persónum og hlutum
- geti skilið og endursagt atburðarás sögu, röð atvika og verkþátta
- geti gert sér grein fyrir aðalatriðum í munnlegum og skriflegum frásögnum

Lestur og ritun

Nemandi

- geti notað efnisyfirlit, kaflaheiti, undirtitla og inngang til að auka skilning
- geti nýtt sér yfirlitslestur
- geti notað íslenskt stafróf og áttað sig á íslenskum ritstíl námsgagna og sögubóka
- geti skráð athugasemdir og tekið nótur
- geti notað mismunandi ritstíl
- geti skrifað og lesið stiklútexta
- geti rýnt í texta og áttað sig á samhengi og atburðarás
- geti prófarkalesið og endurskrifað eigin texta
- geti skrifað bréf og nýtt sér tölvusamskipti, bæði formlega og óformlega

Námsgreinar

Nemandi

- geti notað textaeinkenni og orðaforða sem tengist einstökum námsgreinum og skilið hann
- geti notað og sýnt kunnáttu og leikni í töluðu og rituðu máli í tengslum við einstakar námsgreinar
- geti tengt nýjar upplýsingar fyrri þekkingu

Námstækni og gagnrýnin hugsun

Nemandi

- geti fært rök fyrir máli sínu, sannfært og metið eigin hugmyndir og annarra
- geti greint, skýrt, dregið saman og flokkað upplýsingar
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum

- geti notað orðabækur, alfræðibækur, efni í gagnabönkum og á Netinu og annað efni til verkefnavinnu og upplýsingaöflunar
- geti tekið þátt í skólastarfi hvort sem er í hópvinnu eða paravinnu
- geti byrjað, viðhaldið og lokið samvinnu og samskiptum í lausn verkefna
- geti tekið á náminu með viðeigandi hætti og áttað sig á mikilvægi námstækni
- geti tekið glósur og endursagt, m.a. innihald bóka, frásagna og kvikmynda
- geti rannsakað og dregið saman, skilgreint efni og dregið ályktanir
- geti gert útdrátt, lista, myndrit og töflur
- geti borið saman og tengt hugmyndir annarra við eigin hugmyndir
- geti nýtt sér þekkingu og athafnir annarra og tengt og aðlagð eigin þekkingu og athöfnum
- geti metið eigin framvindu, mál og hegðun
- geti valið bestu aðferðina við lausn einstakra verkefna
- geti skoðað atriði frá ýmsum hliðum til að dýpka skilning
- geti notað Netið til að afla sér upplýsinga
- geti beðið um aðstoð frá félögum og kennurum
- geti metið eigin framvindu í námi, mál og menningarfærni

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

Nemendur, sem koma í íslenska skóla á þessu aldursstigi og hafa notið eðlilegrar skólagöngu og eru vel læsir, flytja þá færni milli tungumála. Á þessu stigi ber að leggja megináherslu á framburð, orðaforða og kunnáttu í námsgreinum, námstækni og öflun upplýsinga. Við lok grunnskóla ber að huga sérstaklega að námsráðgjöf þar sem unglingar með annað móðurmál en íslensku þekkja ekki valkosti íslenska skólakerfisins með sama hætti og íslenskir jafnaldrar.

Áfangamarkmið 1

Mál- og menningarfærni

Nemandi

- geti notað íslenskt mál og menningarfærni sér til framdráttar í samskiptum við aðra, m.a. til að
 - tjá hug sinn og þarfir í töluðu og rituðu máli og geta skilið aðra
 - geta beitt málfari sem hæfir stað og stund og tekur tillit til viðmælenda
- geti borið fram íslensk mállhjóð og hljóðasambönd og notað íslenskar áherslur og hrynjandi
- geti heilsað og kvatt og látið í ljós þakklæti
- geti spurt og beðið um útskýringar
- geti gefið upplýsingar um sjálfan sig og fjölskyldu, upprunaland og menningu

- geti tjáð líðan og þarfir, reiði og ánægju
- geti notað málvenjur og málhegðun í algengum samskiptum við kunnuga og ókunnuga
- geti byrjað og lokið samtölum
- geti lýst atvikum og hugmyndum
- geti borið sig eftir algengri þjónustu, s.s. í bönkum, á heilsugæslustöð og í almenningsvögnum
- geti tekið þátt í leik, íþróttum og tómstundastarfi
- geti prófað, þjáfað og leikið sér með málið með því að herma eftir, með endurtekningu og endursögn
- geti notað samhengi til að auka skilning
- geti túlkað atburði og hegðun annarra við ýmsar aðstæður
- geti notað rétt málsnið, bæði formlegt og óformlegt, talað og ritað
- geti notað orðatiltæki og íslensk slanguryrði á viðeigandi hátt við ýmsar aðstæður
- geti notað viðeigandi mál í viðtölum, ræðum og fundarhöldum
- geti áttað sig á íslenskri kímni og kaldhæðni og hvenær slíkt er viðeigandi
- geti greint úr ágreiningi eða misskilningi
- geti áttað sig á hvaða umræðuefni og mál eiga við hverju sinni
- geti talað íslensku í síma og símsvara
- geti aflað sér upplýsinga og tekið þátt í íslensku þjóðlífi og menningarlífi sem tvítyngdur einstaklingur
- geti áttað sig á samhengi menningar og sjálfsmyndar
- geti tjáð líðan og þarfir og persónulega reynslu í rituðu og töluðu máli, t.d. í dagbók, bréfum og með tölvusamskiptum
- geti gert sér grein fyrir viðeigandi raddhæð, augntilliti og fjarlægð frá viðmælanda
- geti styrkt sjálfsmynd sína sem tvítyngdur einstaklingur með innsýn í tvo menningarheima
- geti aflað sér upplýsinga sem sérstaklega snerta fólk frá mismunandi menningarsvæðum
- geti aflað sér upplýsinga um menntunarmöguleika
- geti gert sér grein fyrir tengslum milli menntunar og starfsframa
- geti notað viðeigandi samskiptareglur á Netinu
- geti nýtt sér Netið til gagns og ánægju

Áfangamarkmið 2

Skólamál og námsfærni

Nemandi

- geti notað íslensku til að stunda nám til jafns við jafnaldra í öllu skólastarfi, m.a. til að
 - geta skilið tjáskipti í kennslustund, s.s. fyrirmæli og leiðbeiningar kennara og samskipti nemenda og kennara
 - geta tjáð eigin hugmyndir og tekið virkan þátt í skólastarfi

- geti aukið leshraða og lesskilning á námsefni, sögubókum, dagblöðum og texta með kvikmyndum í samræmi við aldur og þroska
- geti aflað sér þekkingar, skoðað og skilið orðaforða og stíl námsgreina og tjáð sig um það bæði á töluðu og rituðu máli
- efli gagnrýna hugsun og eigin námsþroska
- geti nýtt upplýsingatækni sér til framdráttar í námi og einkalífi
- hafi innsýn í möguleika til framhaldsmenntunar hér á landi

Tal, hlustun og skilningur

Nemandi

- geti farið eftir munnlegum og skriflegum leiðbeiningum
- geti tekið þátt í hópvinnu eða paravinnu
- geti komist að samkomulagi um verkaskiptingu í hópvinnu
- geti byrjað, viðhaldið og lokið samvinnu og samskiptum í lausn verkefna
- geti skilið og tengt hugmyndir annarra og borið saman við eigin hugmyndir
- geti borið saman, túlkað og útfært eigin hugmyndir og annarra, munnlega og skriflega
- geti beðið kennara og féлага, kunnuga og ókunnuga um skýringu og aðstoð á viðeigandi hátt
- geti undirbúið og flutt munnlega greinargerðir, frásagnir og skýrslur
- geti notað almennar samskiptareglur við lausn hópverkefna
- geti notað íslenskt stafróf og mismunandi íslenskan ritstíl

Lestur og ritun

Nemandi

- geti nýtt sér yfirlitslestur til að auðvelda lesskilning með því að skoða efnisyfirlit, kaflaheiti, undirtitla og inngang
- geti aðlagð ritstíl að munnlegum flutningi eftir aðstæðum og áheyrendum
- geti nýtt sér athugasemdir kennara og nemenda í ritun og endurritun
- geti greint og dregið saman aðalatriði og/eða viðeigandi upplýsingar úr texta
- geti gert sér grein fyrir að framsetning upplýsinga getur verið menningarbundin
- geti lýst reynslu og tilfinningum í rituðu máli
- geti haft stafsetningu og frágang ritaðs máls í samræmi við íslenskar reglur
- geti rökstutt breytingar og/eða vinnuaðferðir við lausn verkefna
- geti skilið leiðbeiningar um vinnslu mismunandi ritunarverkefna
- geti skrifað bréf og nýtt sér tölvusamskipti, bæði formlega og óformlega

Námsgreinar

Nemandi

- geti tjáð sig í ræðu og riti og skilið orðaforða, hugmyndir, hugtök og textaeinkenni sem tengjast einstökum námsgreinum

- geti notað og sýnt kunnáttu og leikni í ýmsum námsgreinum
- geti tengt nýjar upplýsingar fyrri þekkingu

Námstækni og gagnrýnin hugsun

Nemandi

- geti fært rök fyrir máli sínu, sannfært og metið eigin hugmyndir og athafnir annarra
- geti greint, skýrt, dregið saman og flokkað upplýsingar
- geti rannsakað skilgreint efni og dregið ályktanir
- geti þekkt og notað rannsóknaraðferðir
- geti rýnt í og áttað sig á menningarbundnum mismun texta og ritstíls
- geti tekið glósur, gert útdrætti, greint og metið m.a. innihald bóka, frásagna og kvikmynda
- geti greint aðalatriði frá aukaatriðum
- geti tengt verkefni við eigin reynslu og áttað sig á því hvenær hún á við
- geti áttað sig á námstækni og leyst verkefni á viðeigandi hátt
- geti nýtt sér upplýsingatækni, bókasöfn, orðabækur og sérfræðinga, efni í gagnabönkum og á Netinu við öflun og miðlun þekkingar
- geti nýtt sér þekkingu og athafnir annarra og tengt og aðlagð eigin þekkingu og athöfnum
- geti dregið beinar og óbeinar ályktanir af hegðun og orðum annarra og brugðist við á viðeigandi hátt
- geti notað Netid til að afla sér upplýsinga um mál og menningu heimalandsins og hafa samband við fólk af sama þjóðerni hér á landi og erlendis
- geti nýtt sér upplýsingar á móðurmáli við lausn verkefna á íslensku
- geti aflað sér upplýsinga um framhaldsnám og atvinnumöguleika, t.d. á Netinu
- geti sett sér markmið sem miða að farsælum starfsframa
- geti metið eigin framvindu í námi, kunnáttu, máli og menningarfærni
- geti valið bestu aðferðina við lausn einstakra verkefna
- geti skoðað atriði frá ýmsum hliðum til að dýpka skilning

TVÍTYNGI ÍSLENSKS TÁKNMÁLS OG ÍSLENSKU

Inngangur

Hjá heyrandi barni byrjar máltakan við fæðingu. Heyrnarlaus og heyrnarskert börn byrja máltöku nær undantekningarlaust seinna en heyrandi börn. Þau læra táknmál á náttúrulegan hátt ef talað er táknmál í kringum þau en yfirleitt hafa þau takmarkaðri aðgang að máli en börn með fulla heyrn.

Heyrnarskert börn, sem hafa ekki fullan aðgang að samskiptum fjölskyldu sinnar vegna heyrnarskerðingar, ná yfirleitt ekki að þróa með sér sterkt íslenskt mál. Börnin geta þrátt fyrir það oft átt samskipti á íslensku við sérstakar aðstæður með hjálp heyrnartækis, t.d. í samtali við einn aðila eða ef hljóðvist er góð.

Heyrnarlaus börn, sem fengið hafa kuðungsígræðslu, ná mörg góðu valdi á íslensku á máltökualdri. Þrátt fyrir það verður að líta á þau sem heyrnarskert og gera ráð fyrir að í lífi þeirra komi upp aðstæður þar sem þau eru alveg heyrnarlaus.

Hér er litið svo á að öll þurfi þessi börn að læra bæði íslensku og íslenskt táknmál en að táknmál og íslenska geti gegnt mismunandi hlutverkum í lífi þeirra. Málþroski barnanna við skólabyrjun er ólíkur og einnig staða þeirra í hvoru máli um sig.

Fylgjast verður grannt með máltöku barna og málþroska á öllum skólastigum og öll þurfa börnin á snemmtækri íhlutun að halda til þess að tryggja að þau eignist sterkt móðurmál.

Það er ekki hægt að setja saman eina námskrá sem mætir þörfum allra barna sem hafa skerta heyrn. Gera þarf einstaklingsnámskrá fyrir hvert þeirra og sérstakar ráðstafanir til að styrkja málumhverfið.

Í þessum námskrárhluata eru fyrst og fremst sett fram markmið fyrir börn sem eru heyrnarlaus og nota táknmál sem samskiptamál. Gerð er grein fyrir táknmálaskennslu en nám í ritaðri íslensku fléttast inn í hana. Íslenskuhluti námskrárinnar á við barn sem ræður við talaða íslensku í hópi. Gert er ráð fyrir að kennarar barna sem hafa skerta heyrn geti nýtt sér þætti úr þessum hluta námskrárinnar. Árlega þarf að leggja greinandi próf fyrir öll heyrnarskert börn og meta málþroska þeirra. Einnig þarf að gera ráð fyrir að hægt verði að endurskoða þennan hluta námskrárinnar oftar en aðra.

Kennarar barna, sem fylgja þessum námskrárhluata í fyrstu bekkjum grunnskóla, þurfa að vera tvítyngdir, hafa menntun í tvítyngisfræðum og þekkja bæði menningu samfélags táknmálsins og íslenskunnar. Einnig geta tveir kennarar, sem eru fulltrúar hvors málsamfélags um sig, unnið náið saman.

Tengsl við aðra námskrárhuta

Markmiðið, sem hér er sett varðandi mál barna sem fæðast heyrnarlaus eða heyrnarskert og þar á meðal þeirra sem síðar fá kuðungsígræðslu, er tvítyngi en hvorki að íslenska táknmálið né íslenska verði ráðandi mál. Þannig er móðurmálskennslan hugsuð í heild þannig að hún miði að tvítyngi, oftast nær með táknmál sem daglegt samskipta- og kennslumál og íslensku sem ritmálið. Gert er ráð fyrir samræmi á milli táknmáls og íslensku þannig að unnið sé með sömu viðfangsefnum á sama tíma í málþróun barnanna. Þar sem við á er gert ráð fyrir að börn nái einnig markmiðum námskrár í talaðri íslensku. Lögð er áhersla á að viðhorf og framkoma í skólasamfélaginu endurspegli að málin séu jafn mikilvæg í lífi nemenda.

Sum börn koma í skólann með góðan skólaþroska og hafa fengið ríkt mál heima og í leikskóla. Önnur hafa fengið takmarkaðra mál. Sum barnanna ráða vel við að byrja að læra íslensku auk táknmáls í 1. bekk en önnur þurfa að ná betra valdi á táknmáli áður en þau fá beina kennslu í íslensku. Það er lagt í hendur kennara að meta mállega stöðu barnanna, m.a. með notkun greinandi prófa, og móta áherslur í náminu. Gert er ráð fyrir að íslenska sé þó alltaf sýnileg og virk í skólanum, til dæmis þegar kennari les texta íslenskra bóka á táknmáli fyrir börnin, með því að hlutir í umhverfinu séu merktir með setningum á íslensku, börnin fái að merkja myndir sínar með íslenskum orðum og með því að notkun fingrastafrófs sé stöðugt fléttuð inn í kennsluna.

Áherslur í íslenskukennslu geta verið allt frá því sem lagt er til í þessum hluta námskrárinnar og til þess að námskrárhuta í íslensku fyrir heyrandi börn sé fyllilega fylgt. Gert er ráð fyrir að börn, sem eiga tvítyngi íslensku og táknmáls að móðurmáli og önnur börn sem eru heyrnarskert en hafa ekki aðgang að táknmáli, geti þurft allt að tvöfalt meiri tíma til móðurmálsnáms en fullheyrandi börn.

Málproski barna með skerta heyrn við skólabyrjun

Móðurmálið er lykill að menntun og þekkingu. Móðurmál barna með skerta heyrn er í flestum tilvikum veikara en heyrandi jafnaldra. Börnin hafa mismiklar heyrnarleifar, hafa notfært sér ólíka tækni til þess að bæta upp skerta heyrn, mismunandi áherslur hafa verið lagðar í máltöku þeirra og aðstæður þeirra til máltöku hafa verið ólíkar. Afleiðingin verður að málproski í táknmáli og íslensku getur verið ólíkur frá barni til barns.

Kennsla og nám fer fram í gegnum tungumál og í skólakerfinu er kennsla miðuð við að máltaka barna hafi verið eðlileg. Gert er ráð fyrir að börnin hafi náð tókum á málinu á aldrinum 0–6 ára og orðið það sem kallað er skólaþroska. Eins og fram hefur komið á þetta ekki við um börn sem tala táknmál og önnur börn með skerta heyrn frá fæðingu.

SKILGREININGAR Á HUGTÖKUM

Heyrnarlaus, döff, heyrnarskertur, heyrandi

Innan samfélags táknmálsins er fólki skipt niður í hópa. Í stuttu máli má segja að heyrnarlausir skiptist annars vegar í fólk sem er heyrnarlaust og talar táknmál í daglegum samskiptum, það er fólk sem er fætt heyrnarlaust, með skerta heyrn eða hefur misst heyrn í bernsku. Það kallar sig döff. Hins

vegar er fólk sem er heyrnarlaust og hefur ekki lært táknmál, hefur misst heyrn eftir máltökualdur eða er heyrnarskert og kann ekki táknmál. Það er kallað heyrnarlaust eða heyrnarskert.

Peir sem kalla sig döff og tala táknmál hafa gengið í skóla fyrir heyrnarlausu, eiga sameiginlega menningu og reynslu með öðrum heyrnarlausum, svo sem erfiðleika við að taka þátt í heyrandi heimi og aðgreina sig frá hinum sem tilheyra málsamfélagi íslenskkunnar.

Táknmálssamfélög

Hugtakið táknmálssamfélag vísar til samfélags þess fólks sem notar táknmál í daglegum samskiptum sín á milli. Meðal þess þróast menningarsamfélög döff.

Döffmenning

Á áttunda áratugnum þróaðist innan táknmálssamfélagsins umræða um sérstaka menningu heyrnarlausra. Með menningu heyrnarlausra eða döffmenningu skapar táknmálstalandi fólk sér sérstöðu. Meiri samkennd er með táknmálstalandi fólki frá ólíkum löndum en táknmálstalandi og raddmálstalandi einstaklingum af sama þjóðerni. Döffmenning er samfléttuð táknmálinu og geymir siði, venjur, ljóð og listir sem til dæmis túlka lífssýn döff, sameiginlega sögu og reynslu.

Döffsögur

Í samfélögum heyrnarlausra eru til sögur sem ganga manna á milli og eru hluti af menningararfi og bókmenntum táknmálssamfélagsins. Þessar sögur endurspeglu döff líf, upplifanir og reynslu. Sem dæmi má nefna kímnisögur, svo sem af samskiptum við raddmálssamfélagið, frægðar- og hetjusögur, til dæmis úr stríði, íþróttum eða baráttu fyrir mannréttindum. Þar birtist oftast samstaða heyrnarlausra sem nær út yfir pólitík, trú og landamæri.

Táknmálsvítyngi

Á níunda áratug tuttugustu aldar þróaðist tvítyngisstefnan í kennslu heyrnarlausra sérstaklega á Norðurlöndum og í Bandaríkjunum. Þessi hugmyndafræði leggur áherslu á að máltaka heyrnarlausra barna fari fram á táknmáli og að börnin tengist samfélagi döff. Með táknmálið sem grunn læri þau að minnsta kosti ritmál raddmálsins og verði tvítyngd með táknmál og íslensku sem móðurmál.

Kuðungsígræðsla

Undanfarna áratugi hafa æ fleiri börn og fullorðnir fengið kuðungsígræðslu. Rafskaut er þá grætt í kuðunginn sem örvar heyrnartaugina og gefur nokkurs konar heyrn. Með aðgerðinni eru heyrnarleifarnar, sem fyrir voru, eyðilagðar. Tilgangur hennar er að ná betri árangri við heyrn og máltöku á íslensku þannig að barnið verði fært um að nota íslensku sem samskiptamál.

Nám og kennsla

Í tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku er markmiðum og umfjöllun um námið skipt í þætti sem eru sambærilegir flokkun markmiða í íslenskuhluta námskrárinna. Í fyrsta lagi er bókmennta- og lestrarþáttur. Hann felur í sér áhorf eða það að tileinka sér efni sem flutt er á táknmáli; lestur

táknmálstexta sem eru frásagnir og ljóð á táknmáli og vísa til þeirra sagna sem táknmálssamfélagið hér á landi og táknmálssamfélög annarra landa hafa geymt og safnað hefur verið á myndrænt form. Til viðbótar er svo lestur íslenskra texta. Annar þáttur er skráning táknmálstexta á myndrænt form og ritun íslensku (ritunarþáttur). Þriðji þáttur er tjáning á táknmáli (talmáls- og framsagnarþáttur) sem bundin er stað og stund og kemur, þegar það á við, í stað framsagnar íslensku. Fjórði og síðasti þáttur er málfræði. Innbyrðis tengsl þessara þátta eru mikilvæg. Þeir eiga að styðja hver annan, tengjast og skarast og fléttast þannig saman í eina heild.

Megináhersla er lögð á að nemendur öðlist leikni í báðum málunum, svo sem í málfari og færni í tjáningu. Áhersla er því lögð á þjálfun í tjáningu, upptökur á frásögnum og leikni nemenda í táknmáli með fjölbreytilegri málnotkun. Nemendur þjálfast auk þess í íslensku á sama hátt þegar þeir hafa náð færni og hafa þroska til. Auk þess er lögð áhersla á færni nemenda í báðum málunum í öllum námsgreinum grunnskóla. Áherslurnar geta verið mismunandi eftir námsgreinum en einkum skal leggja áherslu á þjálfun í tjáningu á táknmáli, lestri og lesskilningi og skráningu, þar með talið í margmiðlunartækni sem notuð er við skráninguna og að lokum ritun á íslensku. Tvítýngiskennsla á að vera heildstæð. Áhersla er lögð á innbyrðis tengsl þátta og viðfangsefna, jafnvægi þeirra og eðlilega stígandi í náminu.

Tvítýngi sem heildstæð námsgrein

Traust kunnátta í íslensku táknmáli og íslensku er ein meginundirstaða haldgóðrar menntunar tvítýngisbarna. Námsgreinin tvítýngi íslensks táknmáls og íslensku er skipulögð sem heildstæð námsgrein, á sama hátt og íslenskan sem móðurmál. Auk þess er þjálfun í táknmáli, íslensku ritmáli og jafnvel talmáli, þegar börnin nota það til samskipta, felld inn í allar námsgreinar grunnskóla.

Litið er svo á að íslenska táknmálið sé hið daglega samskipta- og kennslumál en einnig íslenska eða að minnsta kosti íslenskt ritmál. Leggja ber áherslu á öflugt samstarf við heimilin um þjálfun í íslensku táknmáli og íslensku á öllum stigum grunnskóla. Þetta er mikilvægt samstarfsverkefni heimila og skóla og fjölskyldan gegnir veigamiklu hlutverki í að skapa jafna virðingu fyrir báðum málunum, styrkja þau og rækta og viðhalda áhuga nemenda, ekki síst hvað varðar þjálfun í lestri myndbanda á táknmáli, lestri íslensku og tjáningu og almennri málrækt.

Fullorðnar táknmálsfyrirmyndir gegna mikilvægu hlutverki í skólanum. Þær sjá fyrir samskiptum og félagsmótun á málinu, málnotkuninni, reglum sem gilda í táknmálssamskiptum og skapa menningarlegt umhverfi í skólanum. Menning táknmálssamfélagsins og táknmálstalandi málfyrirmyndir einangra tvítýngdu börnin ekki frá umheiminum, frekar öfugt. Hún hjálpar börnunum að skilja hver þau eru og eflir sjálfsvirðingu þeirra þannig að þau geti mætt samfélagi íslenskunnar sterk og stolt af sjálfum sér og málunum sínum. Tvítýngdir einstaklingar vita mikið um bæði málin og hvernig ber að nota þau rétt við allar aðstæður. Með tvítýngiskennslu íslensks táknmáls og íslensku eiga nemendur að öðlast jákvætt viðhorf til málanna og kynnast áhrifamætti þeirra og margbreytileika. Þeir eiga að nýta kunnáttu sína í íslensku táknmáli við lausn skólaverkefna og í félags- og tómsundastarfi, þjálfast í skráningu á táknmáli með margmiðlunartækni og þjálfast í lestri og ritun á íslensku. Þeir eiga að fá ríkuleg tækifæri til að leika sér með tungumálin með margvís-

legum hætti, fá tækifæri til túlkunar, tjáningar og sköpunar, fá viðfangsefni í samræmi við þroska, hæfileika og áhugamál, þjálfast í sjálfstæðum vinnubrögðum og öðlast hæfni í að leysa verkefni í samstarfi við aðra með og án táknmálstúlks.

Í móðurmálskenndslunni er lögð áhersla á að nemendur öðlist skilning á sögulegu, menningarlegu og félagslegu gildi málanna, stöðu þeirra og gildi menningararfs beggja samfélaga og átti sig á eðli móðurmála sinna og lögmálum þeirra. Fjallað er um menningarleg verðmæti íslensku og íslenskar bókmenntir og þau sem felast í íslenska táknmálinu og táknmálsfrásögnum sem menningarsamfélag heyrnarlausra geymir. Í menningu táknmálssamfélagsins felst þekking á því að komast af í samfélagi íslenskunnar. Þar lærist félagsleg færni, samskiptareglur og að nýta sér þá tækni til samskipta sem notuð er hverju sinni. Hlutverk íslenska táknmálsins er einnig mikilvægt í því að efla þjóðernislega samkennd meðal táknmáls- talandi fólks. Í kenndslunni er fjallað um einkenni hvers einstaklings, hvaða hópi eða hópum hann tilheyrir með hliðsjón af málunum sem eru hluti af honum sjálfum, sjálfsmýnd og sjálfsvirðingu hans ásamt betri skilningi á réttindum fólks með táknmálstvítyngi. Þar er líka fjallað um mál sem félagslegt fyrirbæri og stöðu táknmálsins gagnvart íslenskunni. Skoðaður er breytileiki í táknmáli, til dæmis eftir kynslóðum eða kyni. Þá er lögð áhersla á að nemendur læri að virða og meta móðurmál sín og nauðsyn þess að temja sér umburðarlyndi gagnvart mismunandi málnotkun annarra.

Lögð er áhersla á að nemendur nái góðri færni á öllum sviðum málnotkunar bæði í tjáningu og skráningu, geti tjáð skoðanir, hugmyndir og tilfinningar og öðlist traust á eigin málnotkun. Tungumál eru samskiptatæki sem notuð eru bæði í hagnýtu og listrænu skyni, til að tjá tilfinningar eða vekja þær, tjá skoðanir eða leita eftir þeim, afla og miðla upplýsingum. Góð þekking á málunum gefur færi á að eiga árangursrík samskipti innan táknmáls- samfélagsins, við samfélag íslenskunnar og við stærra samfélag. Því telst þekking á táknmálinu ekki síður en íslensku sem móðurmáli, eðli málsins, sögu og sérkennum, nauðsynlegur þáttur í almennri menntun tvítýngisbarna.

Talað mál – tjáning á táknmáli

Það er brýnt að geta tekið virkan þátt í umræðum af ýmsu tagi í lýðræðisþjóðfélagi og er ekki síður mikilvægt fyrir þá sem tala táknmál en hina sem gera það á raddmáli. Táknmálið er mikilvægt samskiptatæki og nauðsynlegt er að geta tjáð skoðanir sínar, hvort sem er við nám, atvinnu, í félagslífi eða einkalífi. Til þess að tengjast samfélagi íslenskunnar þarf táknmálstalandi fólk að nota þjónustu táknmálstúlka. Þeir sem hafa gott vald á sínu máli og tjáningu á því eiga auðveldara með að miðla upplýsingum, fræðslu og listrænu efni til annarra og taka virkan þátt í félagslegum samskiptum. Samskipti með og án táknmálstúlks gegna því veigamiklu hlutverki í máluppeldi barna með táknmálstvítyngi í skólum og á heimilum frá upphafi til loka grunnskóla. Notkun túlkþjónustu verður hluti af daglegu lífi nemendanna sem fullorðins fólks og kennsla í notkun hennar þarf því að vera virkur þáttur í grunnskóla. Nemandi þarf þó að hafa náð góðum málþroska í táknmáli áður en hann fer að nota túlk við nám í skóla.

Mikilvægt er að nemendur þjálfist á öllum skólastigum í að standa fyrir máli sínu í samræðum eða frammi fyrir hópi. Skipuleg frásögn og skýr tjáning er

einnig nauðsynleg forsenda þess að geta nýtt sér túlkaþjónustu til hlítar. Í táknmáli stuðlar þjálfun í tjáningu að betra valdi á máli og festir táknsforða í sessi. Gott vald á tjáningu í táknmáli er einnig undirstaða undir tungumálanám, þar með talið íslenskunám. Því er lagt til að byrjað sé strax í fyrsta bekk að láta nemendur tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum og tala á táknmáli eða íslensku um reynslu sína og að nemendur fái aukna æfingu í að segja frá, vinna með öðrum og tjá sig um bókmenntir og ýmis málefni eftir því sem ofar dregur.

Nauðsynlegt er að áherslur á einstaka þætti séu mismunandi eftir aldri, þroska og heyrn nemenda og að eðlileg stífgandi sé í náminu. Fjallað er um sjálfsmynd nemenda og stöðu þeirra hvað varðar mál á mismunandi hátt. Í upphafi er lögð áhersla á nemandann sjálfan og nánasta umhverfi hans, þjálfun í einföldum frásögnum, þátttöku í almennum samræðum og hlutverkaleikjum. Síðar er gerð krafa um dýpri skilning og meiri greiningu á stöðu nemenda. Þá bætist við kennsla um einkenni íslensku og íslenska táknmálsins, fræðsla um mállýskur, frekari þjálfun í leikrænni tjáningu og rökræðum. Í þessari kennslu er einnig kjörið að nýta málfræðiþekkingu nemenda við útskýringar. Gert er ráð fyrir að byggt sé á nútíma samskiptatækni til að eiga samskipti við aðra utan skólans og nemendur erlendis. Einnig ýmiss konar leikjum til að auka félagsfærni og skilning, læra viðurkennda félagshegðun og að taka viðeigandi ákvarðanir (samskiptaleikir, leysa vandamál í hópi, að taka afstöðu og takast á við vanda sem kemur upp í hópi).

Í þessum hluta námskrárinnar, þ.e. um tvítyngi íslensks táknmáls og íslensku, er ekki fjallað um framburð á íslensku raddmáli. Fylgifyiskur heyrnarskerðingar og heyrnarleysis er að börn ná ekki einstökum eða öllum talhljóðum raddmálsins. Talmeinafræðingur verður að meta færni, getu og heyrnarleifar hvers einstaklings og byggja á því mati áætlun um þjálfun. Ekki hafa allir þörf fyrir talkennslu en benda má á að þörfin getur aukist eftir því sem heyrnarskerðingin er minni. Eðlilegt er að nýta einnig námskrá fyrir íslensku við gerð einstaklingsnámskrár fyrir þá nemendur sem ráða við talaða íslensku. Talkennsla er þjónusta sem skóli þarf að veita börnum með táknmálstvítyngi.

Lestur og bókmenntir

Lestrarþjálfun tvítyngisbarna felst í því að tileinka sér táknmálstexta eða frásögn sem samin er og tekin upp á myndband og að læra lestur texta á íslensku. Lestrarfærni á táknmálstexta og ritaða texta er mikilvægur liður í almennri lesþjálfun. Hún er undirstaða almennrar menntunar, áhuga á lestri annarra mála og þess að njóta bókmennta til afþreyingar og skemmtunar. Góð lestrarfærni á táknmáli er að geta tileinkað sér táknmálsefni á myndrænu formi en einnig að geta lesið fingrastöfun af öryggi. Lestur táknmálstexta stuðlar að auknum forða hugtaka og tákna og betra valdi á máli en hvort tveggja er mikilvægt fyrir annan lestur, tungumálanám og öll mannleg samskipti.

Í upphafi grunnskóla er einkum um það að ræða að ná tökum á að lesa stuttar táknmálsfrásagnir en á síðari stigum grunnskólans er áherslan á lestur táknmálstexta og ritaðra texta til gagns og ánægju og þar tengist lestrarþjálfunin upplýsingaöflun, á táknmáli og íslensku, öðru námi og kynningu táknmálsfrásagna af ýmsu tagi og frá ýmsum löndum, auk íslenskra bókmennta. Leggja skal áherslu á fjölbreytt efni, bæði útgefið

táknmálfeni, innlent og á táknmálum nágrannalandanna, efni í bókum og hvers konar ritum og einnig efni á Netinu bæði á táknmáli og ritmáli.

Í táknmálsfrásögnum leita ungir lesendur að fyrirmyndum og máta sig inn í aðstæður sögupersóna. Þannig getur kennsla táknmálsfrásagna stuðlað að sterkari sjálfsmynd táknmálsbarna og byggt upp sjálfsvirðingu þeirra. Í gegnum frásagnir táknmálsfélagsins fá þau þekkingu á því hvernig táknmálstalandi fólk kemst af í samfélagi íslenskunnar og aukinn skilning á sérstöðu sinni gagnvart börnum sem tala íslensku.

Veigamikill þáttur er að kunna að horfa á málið og skoða með athygli á gagnrýninn hátt. Áhorf tengist ýmsum öðrum þáttum kennslunnar en lestri, svo sem túlkun á töluðu máli, skráningu, kynningu táknmálsfrásagna, og er snar þáttur í flestum námsgreinum grunnskóla. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem er miðlað, túlkað þær og metið með gagnrýni í huga. Mikill hluti upplýsingamiðlunar nútímans á sér stað um ýmiss konar hljóð- og myndmiðla, s.s. útlit, sjónvarp, myndbönd, kvikmyndir, geisladiska og Netid. Nauðsynlegt er að geta numið þær upplýsingar sem þannig er miðlað, á táknmáli, í gegnum táknmálstúlk eða í gegnum heyrn ef það er mögulegt, og metið þær með gagnrýni í huga. Því er brýnt að þjálfra athygli og gagnrýna hugsun við áhorf. Námfeni er gjarnan miðlað á margmiðlunarformi, auk þess sem kennsla og umræður í kennslustundum gera kröfur um nákvæmt áhorf og úrvinnslu. Ýmiss konar myndir, línurit og töflur koma mikið við sögu í nytjatextum og mikilvægt er að geta lesið og túlkað slíkt efni.

Um lestur íslensku fyrir tvítýngd börn gildir það sama og fram kemur í inngangi að íslenskukennslu. Rétt er að benda á að lestur gegnir enn mikilvægara hlutverki þar sem heyrn nemenda er skert. Verja þarf öllum þeim tíma sem nauðsynlegur er til að tvítýngd börn nái árangri í lestri íslensku og rétt er að undirstrika mikilvægi þess að gefa þeim eins og öðrum góðan tíma til hljóðlestrar og að lesa einungis sér til ánægju. Hvatning til lestrar þarf að vera mikil innan sem utan skólastofunnar þar sem lestur er öruggasta leiðin fyrir nemendur með skerta heyrn til þess að fá tilfinningu fyrir íslenskri tungu.

Skólasafnið gegnir að sjálfsögðu lykilhlutverki en þar geta börnin nálgast efni á táknmáli og íslensku í samræmi við aldur og þroska þeirra.

Skráning táknmálstexta og ritum íslensku (ritunarpáttur)

Táknmál á sér ekki ritmál en hefur lengst af verið notað bundið stað og stund. Þannig má segja að samfélag táknmálsins sé talmáls- og „bókmenntir“ samfélagsins hafa mest verið flökkusögur sem ganga manna á milli. Frásögn spinnst hér og nú og er aðlöguð aðstæðum, sögumaður lifir sig inn í söguþráðinn, verður hluti af því sem gerist, bætir við atvikum og litar söguna mismunandi litum í hvert sinn sem hún er sögd. Söguþráðurinn spinnst í mynstur og hvert sviðið eftir annað er skapað, setningu eftir setningu, og dregur áhorfandann með inn í söguþráðinn. Augnsambandið við áhorfandann er mikilvægt og endurtekningar eru tíðar til þess að halda þræðinum, styrkja hann og skreyta. Á seinni árum hefur táknmálið verið skráð á myndband eða með margmiðlunartækni. Þegar táknmálsfrásagnir eða efni er tekið upp á myndrænt form breytist talmálfeni þeirra og málið færast nær ritmáli. Augnsambandið við áhorfandann tapast og endurtekningar eru ekki lengur leyfðar. Uppbyggingin verður í fastari skorðum og verður að lúta ákveðnum lögmálum á sama hátt og ritaður texti.

Að sama skapi verður erfiðara að tileinka sér efnið heldur en lifandi frásögn sem bundin er stað og stund. Skráðir táknmálstextar eru enn sem komið er litlir að vöxtum og miklu minni hluti af menningu táknmálsins en ritmál er af menningu íslenskunnar. Með aukinni tækni breytist þessi staða þó hratt. Gert er ráð fyrir að í fyrstu bekkjum grunnskólans verði höfuðáherslan, í tilviki heyrnarlausra barna, á lestur táknmálstexta (á myndmiðli). Sömu táknmálstextar verða síðar notaðir, ásamt ritaðri þýðingu, til þess að byrja lestur íslensku með samanburði á textum og vinnu með báða texta samhliða í tölvu.

Ritunarþáttur felur í sér færni í að skrá eigin táknmálstexta og annarra á myndrænt form fyrir tölvuvinnslu og að læra að rita á íslensku. Nauðsynlegt er að geta skráð margvíslega texta og tjáð sig með skráðu táknmáli, bæði í námi, starfi, félagslífi og einkalífi. Þeir sem geta gert skýra texta á táknmáli eru einnig líklegir til að geta betur tjáð hugsun sína á ritmálum annarra tungumála.

Nauðsynlegt er að nemendur þjálfist í að gera skipulega grein fyrir kunnáttu sinni og skoðunum í táknmálstexta í flestum námsgreinum á öllum skólastigum. Því er ýmiss konar glósugerð, skýrslugerð og fleiri verkefni unnin með margmiðlunartækni ríkur þáttur í öllu námi, svo og samskipti við annað fólk, t.d. með tölvupósti eða annarri tækni til samskipta sem notuð er innan táknmálssamfélagsins. Þjálfun í ólíkum þáttum sköpunar táknmálstexta stuðlar að betra valdi á málinu. Leggja ber mikla áherslu á að nemendur nái tökum á að setja eigið efni skýrt og skipulega fram með ýmsum hætti fyrir ólíka hópa, svo sem á myndbandi, á tölvutæku formi og á vefsíðum.

Sinna þarf skráningu táknmálstexta á öllum skólastigum. Greina má þjálfun í skráningu í tvo meginþætti þótt þeir séu oft samofnir í reynd. Annars vegar eru tæknileg atriði sem varða til dæmis upptökur, lýsingu eða tölvuvinnslu og hins vegar efnisleg atriði sem tengjast framsetningu, málsniði, skipulagi og efnistöfum. Góð framsetning, víðeigandi málsnið og gott skipulag á ekki eingöngu við um bókmenntalega texta, s.s. ljóð, sögur og frásagnir, og frumsamda nytjatekta heldur einnig endursagt efni, skýrslur og þess háttar. Þess vegna má ekki einskorða þjálfun og kennslu í slíkum efnisþáttum við þjálfun í því að semja og skrá á táknmáli ljóð, sögur eða ritgerðir heldur er mikilvægt að tengja þessi atriði við hvers konar efni og skráningu eða skrif, bæði í táknmálstímum og í öðrum námsgreinum.

Ritun íslensku þarf einnig að vera ríkur og sjálfsagður þáttur í skólastarfinu þótt hér sé fyrst og fremst gerð grein fyrir þjálfun í samningu og uppbyggingu texta á táknmáli.

Málfræði

Um málfræðikennslu er vísað til almenns inngangs en auk þess bent á að til þess að ná valdi á bæði íslensku og íslensku táknmáli og geta beitt málunum á markvissan hátt er nauðsynlegt að geta rætt um málín. Málfræði felur í sér að skoða málín og greina og gefa málnotendum hugtök til þess að ræða um þau, skilja eðli þeirra og byggingu. Málfræði getur gefið nemendum forsendur til að skilja eðli raddmála og ólíka málfræði þeirra en einnig eðli táknmála og færni í að bera málín saman. Málfræðikennsla er þannig þáttur í tvítyngiskennslu en ekki er lögð áhersla á tæknilegar aðferðir við málfræðilega greiningu. Það er fyrst og fremst með þetta í huga sem málfræðileg hugtök eru kynnt í neðri bekkjunum. Málfræði raddmála og

táknmála er í meginatriðum ólík og einnig þau málfræðilegu hugtök sem notuð eru í umfjöllun um táknmál annars vegar og íslensku og önnur raddmál í skólum hins vegar. Grundvallarþekking á málfræðilegum hugtökum beggja málanna er forsenda þess að geta rætt um þau, náð færni í málum sem byggjast á rödd, skilið byggingu þeirra og nýtt sér ýmiss konar hjálpargögn um mál og málnotkun, bæði táknmál og ritað mál. Kunnátta í málfræði auðveldar nemendum líka að ræða um ýmsa þætti, s.s. mál, málfar, málsnið, stíl, málnotkun, málbreytingar, texta og mállýskur. Þekking í málfræði gerir nemendum auk þess kleift að bera saman mál og tengja saman kennslu í íslensku táknmáli, íslensku og erlendum málum.

Námsmat

Námsmat á að byggjast á stöðugu eftirliti með vinnu nemenda. Það þarf að vera í samræmi við þau markmið sem sett eru og í samræmi við innihald kennslunnar. Námsmat verður að taka til fjölbreyttra námsþátta og vera í samræmi við þá. Mikilvægt er að leggja jafna áherslu á færni, skilning og þekkingu.

Námsmat þarf að vera leiðbeinandi og hvetjandi fyrir nemendur. Nauðsynlegt er að það sé greinandi til að kennari viti á hvað leggja skuli áherslu í kennslu hvers nemanda. Námsmat þarf einnig að vera upplýsandi fyrir foreldra og nemendur. Auk mats á stöðu nemandans þurfa að fylgja upplýsingar um leiðir sem nemandinn getur farið til að bæta stöðu sína. Greinandi próf og skimunarpróf þarf að leggja fyrir nemendur á fyrstu árum grunnskólans til að fá vísbendingar um veikar og sterkar hliðar. Sérstaklega eru þau mikilvæg til að meta áherslur í tvítýngiskennslunni. Niðurstöður skal nota til að veita nemendum leiðsögn og kennslu við hæfi.

Til eru margar aðferðir og gögn við námsmat, t.d. dagbækur, viðtöl, reglulegar skráningar, gátlistar, próf, skipulegar athuganir, sýnis- og verkefnaöppur, upptökur á myndböndum, sjálfsmat og jafningjamat. Mikilvægt er að námsmat sé sem fjölbreyttast og komi til móts við alla nemendur. Námsmat hefur mestan tilgang þegar það er notað jafnt og þétt við eðlilegar aðstæður allan námstímann sem leiðarvísir fyrir nemendur og kennara. Símat, þar sem nemendur fá reglulega endurgjöf og leiðbeiningar frá kennara, gerir kennsluna markvissari og auðveldar nemendum að byggja ofan á þá kunnáttu sem fyrir er. Einnig er æskilegt að reglubundið sjálfsmat nemenda sem og jafningjamat fari fram og að þeir séu virkir þátttakendur í mati á eigin getu. Sjálfsmat getur m.a. farið fram í viðtölum við kennara og einnig geta nemendur skráð „dagbækur“ á myndband eða í bók þar sem þeir velta fyrir sér veikleikum eða styrkleikum sínum. Í jafningjamati meta nemendur verk hver annars eða frammistöðu í ákveðnum verkefnum.

Á yngsta stigi þarf að meta málþroska bæði á táknmáli og í íslensku, lesskilning, lestraráhuga og leshraða bæði á táknmálstextum og rituðum textum, auk samskiptafærni og sjálfsmyndar. Það er t.d. hægt að gera með tilbúnum táknmálstextum, prófum í málskilningi og máltjáningu á táknmáli og stöðluðum lestrar- og málþroskaprófum. Virkni og málflutning má meta með því að leggja fyrir ýmis verkefni með og án táknmálstúlks og skrá og meta frammistöðu og framfarir nemenda. Lestur má meta með því að láta nemendur tjá sig munnlega, á táknmáli eða skriflega um lesið efni og skrá frammistöðu þeirra. Ljóðakunnáttu má meta með því að skrá hvort nemendur hafi lært valin ljóð utanbókar, skilji efni þeirra og þekki einfalt

myndmál. Í ritun er hægt að meta skrift með því að athuga og skrá reglulega hvort dregið er rétt til stafs, taka sýnishorn og meta framfarir bæði í formlegum skriftarverkefnum og í frjálsri ritun og með því að taka slembiúrtak úr verkefnumöppum nemenda. Meta má stafsetningu með því að skoða verkefnumöppur og láta nemendur endurrita stuttar stafsetningaræfingar, t.d. af myndvarpa eða eftir upplestri. Hægt er að meta almenna þekkingu nemenda á tungumálinu með því að skrá frammistöðu þeirra í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á þekkingu og skilning á einföldum málfræðiatríðum, bæði í táknmáli og íslensku, og vald þeirra á tungumálinu með því að skrá frammistöðu þeirra í tjáningu á táknmáli eða munnlegri og skriflegri tjáningu. Hægt er að meta færni nemenda í samskiptum á bæði íslensku og íslensku táknmáli og sjálfsmynd þeirra með því að skrá frammistöðu þeirra í hópvinnu, samskiptum og samræðum með og án táknmálstúlks.

Á miðstigi þarf að meta lesskilning á bæði táknmáli og íslensku, táknforða og orðaforða, leshraða og lestraráhuga á bæði táknmáli og íslensku. Auk þess þarf að meta sjálfstæði og nokkurn skilning á málsamfélögum og hlutverki táknmáls og íslensku í lífi þeirra. Lesskilning og tákn- og orðaforða má meta með því að skrá færni nemenda í að svara á táknmáli, munnlega eða skriflega spurningum úr lesnu efni á táknmáli eða íslensku eða færni í að skrá á táknmáli og skrifa stuttan útdrátt úr ákveðnu efni og með greinandi táknmálspöfum eða stöðluðum lestrarpröfum. Leshraða má einnig meta með stöðluðum lestrarpröfum og með kvörðuðum myndbandsupptökum á táknmáli sem endurspeglar aldursvarandi getustig nemanda. Hægt er að meta lestraráhuga með því að skrá fjölda og tegundir frjálslestrarbóka á báðum málum. Virkni nemenda er hægt að meta með því að skrá reglulega þátttöku nemenda í munnlegri tjáningu og framsögn á táknmáli og íslensku og leggja fyrir markviss verkefni sem gera kröfur um skýra framsögn á báðum málum með viðeigandi látbragði og skrá frammistöðu.

Ljóðakunnáttu má meta með því að skrá hvort nemendur hafi lært valin ljóð utanbókar, skilji efni þeirra, einfalt myndmál og form. Umfjöllun um bókmenntir er hægt að meta með því að leggja reglulega markvissar æfingar fyrir nemendur sem gera kröfur um að þeir fjalli um valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt, á táknmáli, munnlega eða skriflega.

Skrift má meta með því að mæla reglulega skriftarhraða og meta hvort rithönd er læsileg, taka sýnishorn og meta framfarir bæði í formlegum skriftarverkefnum og í frjálsri ritun. Ritunarverkefni má t.d. meta með því að halda skrá yfir hvort fyrirmælum um byggingu, orðalag, málfar og efnistöð sé fylgt. Meta má frágang með því að skoða verkefnumöppur.

Almenna þekkingu á tungumálunum má meta með því að skrá frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á þekkingu og skilning á ýmsum málfræðiatríðum og vald þeirra á báðum málunum með því að skrá frammistöðu í ýmsum verkefnum sem reyna á málnotkun, með myndbandsupptökum og ritun.

Hægt er að meta færni nemenda í samskiptum á bæði íslensku og íslensku táknmáli og sjálfsmynd þeirra með því að skrá frammistöðu þeirra í hópvinnu, samskiptum og samræðum með og án táknmálstúlks.

Sjálfstæði, nokkurn skilning á málsamfélögum og hlutverk táknmáls og íslensku í lífi nemenda má meta með viðtölum við nemendur og með því að skrá reglulega frammistöðu við lausn verkefna.

Á unglíngastigi má meta lesskilning, tákni- og orðaforða með því að skrá færni nemenda í að svara spurningum úr lesnum textum á táknmáli eða íslensku eða færni þeirra við að skrá eða skrifa útdrátt úr því og að finna umbeðnar upplýsingar í texta á táknmáli eða íslensku. Lestraráhuga má meta með því að skrá fjölda og tegunda kjörbóka og lestur með því að láta nemendur tjá sig á táknmáli, munnlega eða skriflega um lesið efni og skrá frammistöðu þeirra.

Umfjöllun um bókmenntir má meta með því að leggja reglulega markvissar æfingar fyrir nemendur sem gera kröfur um að þeir fjalli um valda bókmenntatexta á fjölbreyttan hátt, munnlega, á táknmáli eða skriflega. Ljóðakunnáttu má meta með því að fylgjast með og skrá hvort nemendur hafi lært ljóð utanbókar, skilji efni ljóða, geti gert grein fyrir myndmáli þeirra, formi og stíl og geti spreytt sig á flutningi þeirra sem táknmálsljóðum. Meta má virkni með því að skrá framlag nemenda í ýmsum verkefnum og framsögn með því að leggja fyrir verkefni sem gera kröfur um að flutningur hæfi efni og að notað sé víðeigandi látbragð, áherslur og tónfall og skrá frammistöðu. Málflutningur má meta með því að leggja reglulega fyrir verkefni sem gera kröfur um vel rökstuddan og skipulegan flutning og skrá frammistöðu nemenda.

Meta má færni í samskiptum og hópvinnu með og án táknmálsstúlks með viðtölum, með því að skrá frammistöðu nemenda í samvinnuverkefnum, með heyrandi og heyrnarlausum nemendum, við flutning verkefna og í foreldravíðtölum.

Meta má frjálsa ritun í dagbók/lestrardagbók og öðrum persónulegum skrifum sem unnin eru undir handleiðslu kennara. Sömmuleiðis má meta í myndbandsmöppu frjálsa skráningu táknmálstexta eftir framförum nemenda. Ritunarverkefni og myndbönd eru metin eftir framförum og með því að skoða sýnishorn úr verkefnumöppum og ritgerðir og með því að skrá hvort fyrirmælum um byggingu, orðalag, málfar og efnistöð sé fylgt. Stafsetningu og greinarmerkjasetningu má meta með því að skoða sýnishorn úr verkefnumöppum með mismunandi verkefnum og ritgerðum. Á sama hátt eru greinarmerki og skipulag táknmálstexta metin með mismunandi verkefnum. Nefna má að skrá og kanna hvort reglum um greinarmerkjasetningu og stafsetningu er fylgt í verkefnum og upplestraræfingum, skrá hversu vel nemendur geta gengið frá eigin texta og hvort nemendur geti notað orðabækur og leiðréttingarforrit og meta hæfni nemenda til að byggja upp ritgerðir. Meta má frágang með því að skoða verkefnumöppur með sýnishornum af verkefnum, ritgerðir o.fl. og meta færni í að fylgja fyrirmælum um frágang ákveðinna verkefna.

Meta má almenna þekkingu á tungumálinu með því að skrá frammistöðu nemenda í fjölbreyttum verkefnum sem reyna á þekkingu og skilning á ýmsum málfræðiatríðum og með því að láta nemendur útskýra skriflega, á táknmáli og munnlega, ýmis hugtök málfræðinnar og sýna dæmi á báðum málum til að rökstyðja mál sitt. Vald nemenda á tungumálinu má meta með því að skrá frammistöðu þeirra í ýmsum verkefnum sem reyna á málnotkun í báðum málum, flutning á eigin táknmálstexta eða íslensku og ritun.

Meta má færni í þýðingum á milli táknmáls og íslensku með því að skrá frammistöðu þeirra í ýmsum þýðingarverkefnum sem unnin eru jafnt og þétt.

Lokamarkmið í tvítyngi íslensks táknaðs og íslensku

Þau lokamarkmið, sem sett eru, miða við heildstæða móðurmálskennslu. Litið er á 1.–10. bekk sem eina heild þar sem lokamarkmiðum er náð við lok grunnskólans. Þar sem við á er rétt að bæta við lokamarkmiðum sem lýst er um talmál og framsögn á íslensku.

Talað táknað – tjáning á táknaði

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa náð góðum tókum á framburði táknaðs og framsögn
- hafa öðlast sjálfstöðugi í framsögn og framkomu
- hafa þjálfast í að tjá skoðanir sínar og tilfinningar
- hafa þjálfast í að segja sögu, horfa og halda athygli
- geta sagt frá því hvernig hann komst að tiltekinni niðurstöðu og rökstutt hana
- vera fær um að taka þátt í umræðum og vinna í hópi
- geta flutt bókmenntatexta þannig að það sé í samræmi við inntak og tilgang
- hafa öðlast skilning á hlutverki áherslu, beitingu talfæra, blæbrigða og látbragðs í töluðu táknaði til að halda athygli hlustenda
- geta skilið einfaldar leiðbeiningar um framburð

Ritun

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- geta nýtt sér almennar stafsetningar- og greinarmerkjareglur, handbækur og orðabækur við frágang texta
- geta notað myndmál, stílbrögð og fjölbreyttan orðaforða í skrifum sínum
- hafa öðlast færni til að semja margs konar texta
- skilja ferli frá hugmynd og uppkasti, bæði á rituðu máli og með táknaðsglósom, til texta
- geta gert grein fyrir skoðunum sínum og fært rök fyrir máli sínu
- vera tilbúinn að taka við uppbyggilegri gagnrýni á eigin texta og nýta sér hana til úrbóta
- hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í efnistöfum

Málfræði

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa aflað sér grundvallarþekkingar á málkerfi íslensks táknaðs og íslensku og geta nýtt sér hana í umfjöllun um táknað mál og ritað
- hafa öðlast trú á eigin málkunnáttu, áhuga á að vanda mál sitt og auka táknaðforða og orðaforða
- skilja helstu hugtök merkingar-, orðmyndunar- og orðhlutafræði og beygingarfræði á báðum málum
- geta beitt tungumálinu á mismunandi hátt eftir aðstæðum

Lestur og bókmenntir

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- hafa náð góðum tókum á lestri margvíslegra texta sem settir eru fram með mismunandi hætti
- hafa öðlast áhuga á lestri
- geta nýtt sér texta, á íslensku táknmáli og íslensku, til upplýsingaöflunar
- geta lesið texta, á íslensku táknmáli og íslensku, með gagnrýnu hugarfari
- hafa öðlast góðan táknoforða, orðaforða og lesskilning
- geta notið bókmennta, á íslensku táknmáli og íslensku, og nýtt sér þær m.a. til að styrkja sjálfsmynd sína
- hafa öðlast þroska, víðsýni og umburðarlyndi við að lesa og fjalla um ólíka texta, á íslensku táknmáli og íslensku, forna og nýja
- geta lesið texta, á íslensku táknmáli og íslensku, með gagnrýnu hugarfari og áttað sig á boðskap hans
- geta metið bókmenntatexta, á íslensku táknmáli og íslensku, og geta nýtt sér helstu hugtök í því sambandi
- þekkja sem flest frásagnarform
- geta greint frá skoðunum sínum á bókmenntaverkum og þeim áhrifum sem þau hafa á hann
- hafa lært valin ljóð utanbókar og fjallað um ýmsar tegundir ljóða
- þekkja og geta nýtt sér helstu hugtök bragfræði og myndmáls

Áfangamarkið við lok 4. bekkjar

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku og táknmáli sé heildstætt nám, að unnið sé með samskiptamálið, ritun, málfræði, bókmenntir og lestur samhliða og færni í hvoru máli um sig yfirfærast eins og hægt er á hitt málið og hver þáttur málanna verði látinn styðja annan. Megináherslan í íslenskukennslu á þessu stigi á að vera á lestur bæði íslensku og táknmálstexta og læsi í öllum sínum myndum, á tækni, skilning og túlkun. Lestur eflir orða- og táknoforða og eykur þekkingu og reynslu, er undirstaða allrar menntunar og stuðlar að færni í mannlegum samskiptum. Í tilviki heyrnarlausra barna er í fyrstu ekki lögð sérstök áhersla á kennslu í íslensku þótt þess sé gætt að rituð íslenska og fingrastöfuð sé sýnilegur og eðlilegur þáttur í öllu skólastarfinu. Þegar farið er af stað með beina kennslu í íslensku er líklegt að verulegur hluti tímans fari í að kenna hluta nemenda undirstöðuatriði lestrar. Gengið er út frá því að nemendum sé gefinn góður tími til hljóðlestrar eða til að horfa á upplestur á táknmáli úr íslenskum bókum og frásagnir.

Lesskilning nemenda þarf að þjálfá markvisst með lesskilningsverkefnum úr fjölbreyttum textum sem þeir hafa lesið eða horft á. Hvað táknmálið varðar þá er mikilvægt að nemandi geti lesið og túlkað á táknmáli eigin texta og annarra. Eftir því sem ofar dregur er meira lagt upp úr skýrum framburði og hæfni til að halda athygli áheyranda með og án táknmálstúlks. Ekki er síður mikilvægt að nemendur geti túlkað texta með leikrænni tjáningu. Gert er ráð fyrir einhverri slíkri þjálfun á öllum skólastigum. Lagt er til að byrjað sé

strax í fyrsta bekk að láta nemendur tjá sig frammi fyrir bekkjarfélögum sínum, segja sögur og tala um reynslu sína. Ritun þarf að vera ríkur og sjálfsgöður þáttur í skólastarfinu. Lögð er áhersla á skrift, færni á tölvu og stafsetningu. Í neðri bekkjum er meira lagt upp úr skriftartækni en í þeim efri fær stafsetning meira rúm. Málfræði er ætlað að stuðla að því að vekja áhuga á og virðingu fyrir báðum málunum, vanda þau og vernda. Markmið málfræðikennslu miðast við að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar og að gera þá að betri málnotendum. Æskilegt er að kynna málfræðileg hugtök í neðri bekkjum með það í huga að þau geri nemendum kleift að fjalla um móðurmál sín og skilja betur eðli þeirra. Í 1.–4. bekk er fyrst og fremst verið að leika sér með þær myndir sem málið tekur á sig, s.s. handform, staðsetningar, látbrigði, beygingar og munnlega þjálfun málfræðikunnáttu.

Talað táknmál – tjáning á táknmáli

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- hafa skýran og áferðarfallegan framburð
- geta lesið og túlkað á táknmáli eða leikið texta af ýmsum gerðum
- geta endursagt á táknmáli ýmiss konar texta og frásagnir
- geta tjáð sig í gegnum táknmálstúlk frammi fyrir hópi og staðið fyrir máli sínu
- geta sagt frá eigin reynslu
- geta tekið þátt í umræðum á táknmáli
- hafa jákvæða sjálfsmynd og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- hafa kynnst margbreytileika mannlegs samfélags
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar margir tjá sig í einu
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar fyrirmæli eru gefin og horft er á táknafrásögn eða leikþætti ýmist af sviði eða af myndbandi

Ritað mál

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta skráð eigin táknafrásögn með upptöku/margmiðlunartækni
- geta skrifað íslensku skýrt og læsilega
- hafa náð góðum skrifarhraða
- geta skrifað einfaldan texta á tölvu með réttri fingrasetningu
- þekkja stafsetningarreglur um stóran staf á eftir punkti og í sérnöfnum og reglur um sérhljóð á undan *ng* og *nk*
- geta tjáð og skráð inn á myndband eða með margmiðlunartækni hugsanir sínar, þrár og reynslu
- geta greint aðalatriði í léttum táknafrásögnum og gert útdrætti og endursagnir úr þeim
- geta lýst hlutum og atburðum á táknafrásögn
- geta byggt upp skipulega frásögn og skrifað minnisþætti á íslensku fyrir frásögn flutta á táknafrásögn
- þekkja mun á sögu, ljóði, brandara, gátu, póstkorti, tölvubréfi og sendibréfi

Málfræði

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- skilja mikilvægi hlutverkaskipta og augnsambands í frásögnum
- vita af mállýskumun í táknmáli
- ráða við notkun lýsandi látbrigða (atviksorða) í táknmáli
- þekkja mun á sögnum, nafnorðum og lýsingarorðum í táknmáli
- þekkja byggingarhluta tákna og hugtökin tákn, samsett tákn, bókstafur, orð, samsett orð og málsgrein
- þekkja mun á sérhljóða og samhljóða
- kunna að raða í stafrófsröð
- þekkja rím á íslensku
- þekkja mun nafnatákna og sérnafna og sérnafna og samnafna og geta nýtt sér þá þekkingu við stafsetningu
- hafa fengið tilfinningu fyrir mismunandi hlutverki nafnorða, lýsingarorða og sagnorða
- hafa fengið tilfinningu fyrir áttbeygingum, stigbreytingum og tíð
- hafa þjálfast í að finna samheiti og andheiti og þekkja nokkur orðtök

Lestur og bókmenntir

Við lok 4. námsárs á nemandi að

- geta notið þess að horfa á frásagnir á táknmáli og lestur á táknmáli upp úr bókum og tileinkað sér efni þeirra
- hafa kynnst sögum úr samfélagi táknmálsins og fjölbreyttum bókmenntum sem hæfa aldri
- geta skilið samhengið í einföldum texta á íslensku
- geta valið sér bækur á íslensku eftir áhugasviði og lesið sér til ánægju
- þekkja og geta nýtt sér helstu frásagnarform á táknmáli, s.s. sögu, skopsögu, brandara
- þekkja og geta nýtt sér frásagnarformin dagbók, tölvubréf og sendibréf á íslensku
- þekkja hugtökin söguþráður, sögulok, sögupersónur og boðskapur
- hafa kynnst og velt fyrir sér stöðu þeirra sem standa utan samfélaga annarra
- gera sér nokkra grein fyrir eðli og samsetningu táknmálsljóða
- þekkja ljóð á prenti og hafa kynnst rími
- hafa tekið þátt í flutningi bókmenntatexta á táknmáli

Áfangamarkmið við lok 7. bekkjar

Grunnskólanám í íslensku og íslensku táknmáli á að vera heildstætt, fást á við tjáningu á báðum málum, ritun og skráningu á myndrænt form, málfræði og bókmenntir og lestur samhliða og hver þáttur á að styðja annan. Leggja skal áherslu á lestur og læsi í öllum sínum myndum, á tækni, skilning og túlkun. Góð lestrarkunnátta, í víðasta skilningi, er nauðsynleg til þess að hægt sé að taka virkan þátt í lýðræðisþjóðfélagi og lestur ritaðs og táknaðs texta er undirstaða þess að geta tjáð sig á táknmáli og íslensku munnlega og

skriflega. Hvatning til lestrar þarf að vera mikil innan sem utan skólastofunnar. Veita skal sérstaka athygli þeim nemendum sem af einhverjum ástæðum eiga í lestrarerfiðleikum og örva þá í lestri með margháttuðum verkefnum, t.d. með myndböndum, margmiðlunarefni, kennsluforritum og ýmsu léttlestrarefni. Nemendur eru á miðstigi þjálfaðir í tákmalstjáningu og munnlegri tjáningu þar sem við á, t.d. með því að endursegja ýmiss konar texta, gera grein fyrir máli sínu, taka þátt í hópumræðum og segja skipulega frá reynslu sinni og upplifun. Nauðsynlegt er að nemendum séu kynntar bókmenntir tákmalssamfélagsins og bókmenntir þjóðarinnar, dæmi um helstu bókmenntagreinar og helstu bókmenntaform eftir því sem hentar hverju aldurstigi. Einnig er gert ráð fyrir að nemendur kynnist bókmenntum ætluðum börnum og unglingum. Áhersla er lögð á mikilvægi bókmenntaarfs og gerður er samanburður á bókmenntum á tákmalí og íslensku jafnframt því að auka víðsýni og skilning nemenda. Á miðstigi er lögð áhersla á stafsetningarkennslu. Gert er ráð fyrir að nemendum séu kynntar reglur um stafsetningu og greinarmerki og fái þjálfun í notkun þeirra. Þjálfun í ólíkum þáttum ritaðs máls og gerð tákmalstexta stuðlar að betra valdi á málunum. Ritun íslensku og skráning tákmalís þarf því að vera sem fjölbreyttust og mælt er með því að unnið sé út frá ólíkum gerðum texta. Þjálfunin þarf að vera samfelld og byggjast á stöðugri endurgjöf eftir því sem við verður komið. Enn fremur er gert ráð fyrir að nemendur öðlist færni í ritvinnslu og vinnslu margmiðlunarefnis í tölvu. Mikilvægt er að nemendur kunni að nýta stafsetningarorðabækur og önnur hjálpargögn við ritun. Málfræði er ætlað að stuðla að því að vekja skilning og áhuga á tungumálunum, vanda þau og vernda. Markmið málfræðikennslu miðast við að gera nemendur viðræðuhæfa um mál og málfar og að gera þá að betri málnotendum.

Talað tákmal - tjáning á tákmalí

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta tjáð sig skýrt og skilmerkilega og með viðeigandi málsniði af sjálföryggi með eða án tákmalstúlks
- hafa kynnst margbreytileika mannlegs samfélags og bera virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum
- geta gert grein fyrir skoðunum sínum, rökstutt þær og tekið þátt í lausn ágreinings
- þekkja og skilja samfélag tákmalísins og hvernig unnt sé að tengjast samfélagi íslenskunnar
- geta sagt skipulega frá reynslu og upplifun
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar margir þurfa að tjá sig í einu
- hafa tileinkað sér þær reglur sem gilda þegar fyrirmæli eru gefin á tákmalí eða túlkuð og horft er á flutning á efni eða leikþætti, ýmist á sviði eða af myndbandi
- geta endursagt ýmiss konar texta, gert grein fyrir umræðum og leiknu efni og fylgt flóknum fyrirmælum
- geta flutt frásagnir og ljóð með viðeigandi áherslum og túlkun og haldið athygli áheyrenda í nokkurn tíma
- geta tekið þátt í leikrænni tjáningu og spuna

Ritun

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta samið og byggt upp ýmiss konar texta með mismunandi stíl sem hæfir efni og viðtakanda
- geta tjáð sig skýrt og af öryggi og skráð hugsanir sínar, þrár og reynslu á táknmáli með myndrænni tækni og lýst hlutum og athöfnum
- geta greint aðalatriði í táknmálstextum og rituðum textum og gert markvissa útdrætti og/eða endursagnir
- geta lýst hugsunum sínum og reynslu í rituðu máli og lýst hlutum og athöfnum
- skrifa hratt og af öryggi og hafa þróað með sér persónulega rithönd og færni í ritvinnslu
- kunna að ganga frá texta og geta nýtt sér stafsetningarorðabækur, leiðréttingarforrit og önnur hjálpargögn við ritun
- geta endurskrifað almenna texta rétt
- hafa náð valdi á helstu atriðum stafsetningar og nokkurri færni í greinarmerkjasetningu

Málfræði

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- þekkja hugtökin handform, myndunarstaður, hreyfing, afstaða og átt
- geta fundið próformasögn/sagnlið, nafnorð og lýsandi tákni, svipbrigði og munnhreyfingar í táknmálstexta
- hafa öðlast góðan orðaförða á íslensku
- þekkja hugtökin bókstaf, hljóð, sérhljóða, samhljóða, atkvæði, orð og málsgrein
- kunna að raða í stafrófsröð og fletta upp orðum eftir stafrófsröð
- hafa áttað sig á því hvernig orðaförði íslenskunnar skiptist í sagnorð, fallorð og óbeygjanleg orð
- þekkja fallorðaflokka og mun á sérnöfnum og samnöfnum og nafnatáknum
- geta fundið tölu (eintölu og fleirtölu) og áttbeygingar í táknmáli og kyn, tölu og fall í íslensku og hafa fengið æfingu í að fallbeygja orð
- hafa fengið æfingu í að stigbreyta með svipbrigðum og munnhreyfingum á táknmáli og þekkja samsvarandi stigbreytingu á íslensku
- geta greint tímalínur í táknmáli og fundið nútíð, þátíð og nafnhátt sagna í íslensku

Lestur og bókmenntir

Við lok 7. námsárs á nemandi að

- geta notið þess að horfa á frásagnir á táknmáli, lestur á táknmáli upp úr bókum og fræðsluefni flutt á táknmáli og tileinkað sér efnið
- geta skilið samhengi í texta
- geta þýtt einfalda íslenska texta á táknmál
- geta safnað upplýsingum úr bókum, margmiðlunarefni og af Netinu og unnið úr þeim

- hafa þjálfast í að beita nákvæmnislestri, leitarlestri og yfirlitslestri, m.a. á Netinu og í dagblöðum
- geta valið sér bækur eftir áhugasviði
- geta lesið sér til ánægju og gert grein fyrir þeim áhrifum sem tiltekið bókmenntaverk eða táknafrásögn hefur á hann
- geta notið þess að hlusta á upplestur og frásagnir
- hafa kynnst íslenskum bókmenntum að fornu og nýju, þjóðsögum og ævintýrum
- þekkja bókmenntaformin döffsögu, smásögu, örsögu, goðsögu, ævintýri, skopsögu, brandara, tölvubréf, sendibréf, dagbók og ljóð
- geta greint aðalatriði og dregið ályktanir af efni táknafrásagna, táknafréttu og ritaðs texta
- þekkja helstu bókmenntafræðileg hugtök til að fjalla um form og innihald í ljóðum og lausu máli

Áfangamarkmið við lok 10. bekkjar

Mikilvægt er að grunnskólanám í íslensku og íslensku táknafréttu sé heildstætt, unnið sé með táknafréttu, talað mál, ritun, málfræði, bókmenntir og lestur samhliða og hver þáttur látinn styðja annan. Litið er á námið í 1.–10. bekk sem eina heild þar sem lokamarkmiðum er náð við lok grunnskólans en á efri stigum grunnskólans er m.a. lögð áhersla á að nemendur geti tjáð sig frjálst um reynslu sína og tilfinningar. Nemendur temja sér að vinna saman í hópi, segja frá, segja sögur, horfa og hlusta, gera grein fyrir máli sínu og virða sjónarmið annarra. Í ritun þjálfast nemendur í að skrifa texta og skrá á táknafréttu um reynslu og tilfinningar með mismunandi hætti og glíma þannig við sjálfsmynd sína og lífsafstöðu. Áhersla er lögð á stöðuga endurgjöf og leiðbeiningar kennara eftir því sem við verður komið. Þeir kynnast margs konar bókmenntum sem tengjast reynsluheimi unglunga og nýta sér aðferðir og efnivið þaðan við eigin ritun, skráningu og tjáningu. Rík áhersla er lögð á uppbyggilega gagnrýni í ritun alla skólagönguna; að geta gagnrýnt texta faglega, tekið gagnrýni á eigin texta, lært af henni og nýtt sér til úrbóta og framfara. Lögð er áhersla á að nemendur hafi tíma og tækni til að lesa sem allra mest, bæði skyldunámsefni og yndislestur. Mikilvægt er að skapa nemendum það svigrúm sem þeir þurfa til að afla sér sem vísitækastrar lestrarreynslu, bæði á vettvangi bókmennta á táknafréttu, á íslensku og erlendra bókmennta, að fornu og nýju, og ekki síður unglungabókmennta. Á unglungastigi eru gerðar auknar kröfur um skilning nemenda á grunnhugtökum í bókmenntum og málfræði. Nemendur þurfa að tileinka sér málfræðiatríði skipulega og í tengslum við aðra þætti móðurmálskennslunnar. Við lok 10. bekkjar eiga nemendur m.a. að hafa heildarsýn á eigin málfræðikunnáttu, þekkja formleg einkenni allra orðflokka og formdeilda í táknafréttu, geta borið saman málfræði táknafréttu og íslensku og geta nýtt sér almennar málfræðileiðbeiningar.

Talað táknafréttu – tjáning á táknafréttu

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- geta komið skoðunum sínum á framfæri á skýran og skipulegan hátt í samræðum og fyrir framan hóp með og án táknafréttu
- hafa þjálfast í hópvinnu

- vera tilbúinn til að hlusta á málflutning annarra og taka tillit til hans
- hafa tileinkað sér skýra og skipulega framsetningu og framburð og viðeigandi talhraða
- þekkja forsendur góðrar framsagnar og framkomu
- geta flutt eigin texta og annarra skýrt og áheyrilega
- hafa öðlast sjálfstraust til flytja ræðu og tala frammi fyrir hópi eftir minni með og án táknmálstúlks
- vera fær um að taka þátt í umræðum og rökræðum, gera grein fyrir skoðunum sínum og rökstyðja þær

Ritun

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- geta byggt upp texta á skýran og skipulegan hátt bæði á íslensku táknmáli og íslensku
- geta gert grein fyrir tilfinningum sínum og skoðunum í rituðu máli og á skráðu táknmáli og vera fær um að rökstyðja skoðanir sínar
- hafa vald á ýmsum stílbrigðum, myndmáli, flóknum próformasagnliðum og fjölbreyttum orðaforða og átta sig á mismunandi stílgildi tákna, táknaþingninga, orða og setninga
- hafa þjálfast í að skrifa og skrá mismunandi gerðir texta, bæði almenna og skapandi texta
- hafa þjálfast í ferliritun og vera tilbúinn að taka við gagnrýni á eigin texta og nýta sér hana
- hafa öðlast sjálfstæði í vinnubrögðum og lipurð í efnistöfum
- hafa vald á réttiritun og geta beitt reglum um greinarmerkjasetningu
- hafa vald á skýru og fjölbreytilegu myndmáli í táknmáli
- geta viðhaft skipulögð vinnubrögð við ritgerðasmíð
- geta nýtt sér orðabækur, aðrar handbækur og leiðréttingarforrit
- geta skilað af sér skýrum og villulausum texta á báðum málunum

Málfræði

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- gera sér grein fyrir ólíkum uppruna orða og tákna og mismunandi notkun þeirra miðað við aðstæður og hafa myndað sér skoðanir á málstefnu og félagslegri stöðu mála
- hafa öðlast jákvæða afstöðu til móðurmála sinna og áhuga á þróun þeirra
- hafa aukið orða- og táknaforða sinn og skilning á byggingu íslensku og íslensks tákn máls
- þekkja orðhluta og samsetningar orða og geta nýtt sér þá þekkingu í stafsetningu og í umræðum um texta
- þekkja táknhluta og myndun tákna sambanda
- þekkja einkenni próformasagnliða, sagna og nafnorða í táknmáli og hlutverk og eðli þeirra
- þekkja formleg einkenni allra orðflokka
- þekkja öll beygingaratriði sagna og fallorða

- geta nýtt sér grundvallarþekkingu um málfræðilegar formdeildir táknaþmáls og orðflokka íslensku í umfjöllun um táknaþmál, raddmál og ritað mál
- geta nýtt sér helstu hugtök merkingarfræði í umfjöllun um texta
- geta nýtt sér málfræðileiðbeiningar og þekkingu á málfræði í sambandi við málnotkun, stafsetningu og tungumálanám
- geta nýtt sér grundvallarþekkingu um orðflokka í umfjöllun um talað mál og ritað
- skilja hvernig orðaforða beggja mála er skipt eftir merkingarlegum og formlegum einkennum
- hafa öðlast áhuga á að vanda mál sitt bæði á táknaþmáli og íslensku
- hafa öðlast trú á eigin málkunnáttu

Lestur og bókmennfir

Við lok 10. námsárs á nemandi að

- geta lesið almenna texta af öryggi og með góðum lesskilningi
- geta greint aðalatriði og aukaatriði í texta á báðum málum
- geta aflað sér heimilda, t.d. á bókasafni, í dagblöðum, tímaritum, gagnabönkum og á Netinu
- geta lesið texta með gagnrýnu hugarfari
- hafa kynnst fjölbreyttum bókmennfirtextum
- geta notið bókmennfir, samsamað sig persónum og lifað sig inn í heim þeirra
- geta gert grein fyrir þeim tilfinningum og áhrifum sem bókmennfirverk vekja með honum
- geta notfært sér helstu hugtök bókmennfirfræði í umfjöllun um texta
- vera meðvitaður um mismunandi tilgang texta og ólíkar leiðir til að koma boðskap á framfæri
- geta beitt ólíkum leiðum til að koma boðskap á framfæri í táknaþmálstexta
- þekkja helstu frásagnarform
- þekkja til íslenskra bókmennfir að fornu og nýju
- geta gert grein fyrir myndmáli, bæði í bundnu og óbundnu máli
- geta beitt hugtökum bragfræði í umfjöllun um bundið mál
- hafa öðlast þroska og víðsýni við að ræða og fjalla um texta og þannig styrkt sjálfsmýnd sína

**Auglýsing
um gildistöku aðalnámskrár grunnskóla**

1. gr.

Með vísan til 29. og 30. gr. laga nr. 66/1995 um grunnskóla, með áorðnum breytingum, staðfestir menntamálaráðherra hér með að ný aðalnámskrá grunnskóla tekur gildi frá og með 1. ágúst 2007. Aðalnámskráin kemur til framkvæmda í skólum frá og með skólaárinu 2007-2008 eftir því sem við verður komið og skal að fullu vera komin til framkvæmda eigi síðar en að þremur árum liðnum frá gildistöku. Jafnframt fellur aðalnámskrá grunnskóla frá 24. febrúar 1999 úr gildi.

2. gr.

Aðalnámskrá grunnskóla er gefin út í þrettán hlutum og skiptist í almennan hluta aðalnámskrár og tólf greinahluta.

Í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla eru meðal annars tilgreindar kjarnagreinar, fjallað um uppeldishlutverk grunnskólans, meginstefnu í kennslu og kennsluskipan, meginmarkmið náms og kennslu og hlutfallslega skiptingu tíma milli námssviða og námsgreina. Almennur hluti aðalnámskrár grunnskóla er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Í greinahlutum aðalnámskrár grunnskóla, sem eru tólf alls, er fjallað um markmið, inntak og skipulag náms á tilteknum námssviðum. Greinahlutarnir bera þessi heiti:

Erlend tungumál

Heimilisfræði

Hönnun og smíði

Íslenska

Íþróttir - líkams- og heilsurækt

Kristinfræði, siðfræði, trúarbragðafræði

Listgreinar

Lífsleikni

Náttúrufræði og umhverfismennt

Samfélagsgreinar

Stærðfræði

Upplýsinga- og tæknimennt.

Menntamálaráðuneytið gefur út greinahluta aðalnámskrár á tímabilinu janúar 2007 til ágúst 2007 og tilkynnir jafnóðum sveitarfélögum um útgáfu þeirra.

Menntamálaráðuneytinu 20. desember 2006


Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir


Guðmundur Arnason